

»DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2679

Fimmtudagur 15. desember 2022

55. árgangur

Gleðileg jól



JÓLAFATNAÐUR JÓLAGJAFIR

Gleðilega hátíð

VEFVERSLUN OKKAR ER
TISKUVERSLUN.IS



Munið gjafabréfin vinsælu

NÁTTKJÓLAR
NÁTTFÖT
KÓSÝKJÓLAR
LEÐURHANSKAR
SLÆÐUR
VESKI
SKARTGRIPIR
HANSKAR
MEÐ SKINNI

LINDIN
TISKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



SELFOSSI
MIDBÆR
JÓLANNA
SÍGILD JÓL Í NÝJU UMhverfi

LAUGARDAGUR 17. DESEMBER

14:00 EVA CASSIDY
14:30 TÓNAFLJÓÐ
15:00 HELGA MÖLLER
15:30 JÓLASVEINAR KOMA Í HEIMSÓKN

SUNNUDAGUR 18. DESEMBER

14:00 JÓLASVEINAR KOMA Í HEIMSÓKN
15:00 ALEXANDER OLGEIRS OG GUNNAR GUÐNI



Það eru **9** DAGAR TIL JÓLA

Kakó og jólabækur!

Jólin koma með kertaljósum, kakói og upplestri jólabókanna í Bókakaffinu á Selfossi. Þriðja upplestrar- kvöldið er fimmtudagskvöldið 15. des. kl. 20.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

Þórarinn Eldjárn • Guðrún Jónína Magnúsdóttir
Stefán J. Hafstein • Guðmundur Ingi Markússon
Óttar Guðmundsson • Dagný Dís Jóhannsdóttir

Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI

Árborg gegn ofbeldi

Þann 25. nóvember hófst alþjóðlegt átak gegn ofbeldi sem stóð til 10. desember. Þema átaksins var liturinn appelsínugulur og víða í sveitarfélaginu mátti sjá appelsínugulum fánum flaggað. Átakið snerist um að segja nei við öllu ofbeldi.

Ofbeldi getur verið af ýmsum toga og allir geta orðið fyrir ofbeldi. Inni á heimasíðu 112 er að finna ýmsar upplýsingar um ofbeldi og birtingarmyndir þess. Þar er einnig hægt að finna allskyns úrræði fyrir þau sem verða fyrir ofbeldi

Flest allir þeir staðir sem bjóða þolendum ofbeldis upp á ráðgjöf og stuðning bjóða upp á netspjall og símatíma. Þessi úrræði eru til staðar ef þig vantar ráðgjöf, hvort sem það er fyrir þig eða einhvern sem þú þekkir. Engu máli skiptir hversu langt síðan ofbeldið átti sér stað, það er alltaf hægt að fá hjálp.

Forvarnateymi Árborgar hefur verið starfrækt í 12 ár. Í dag kemur teymið saman mánadaglega og samanstendur af fulltrúum úr ýmsum áttum samfélagsins. Í teyminu eru fulltrúar frá frístundapjónustu, grunn- og



Skjaskot úr forvarnarmyndbandi sem Árborg sendi frá sér þar sem hópur af flottu fólki úr Árborg gefur góð ráð gegn ofbeldi.

leikskólum, fjölbrautaskólanum, HSU, lögreglunni, UMFS, velferðapjónustu, skólapjónustu og fulltrúar foreldra. Forvarnateymið ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd forvarnarstarfs fyrir sveitarfélagið Árborg í samræmi við markaða stefnu í forvarnamálum. Að auki við markaða stefnu bregst forvarnateymið við þegar samfélagið kallar á auknar forvarnir er varðar ákveðið málefni.

Eitt af verkefnum forvarnateymis var að hrinda af stað átakinu Árborg gegn ofbeldi. Sem voru viðbrögð teymisins við aukinni ofbeldishegðun ungmenna í sveitarfélaginu. Þar er áhersla

lögð á hnitmiðaða fræðslu frá fag- og viðbragðsaðilum til forsjáraðila og einnig myndband þar sem ungmenni eru hvött til þess að eiga í heilbrigðum samskiptum og efla styrkleika sína.

Við hvetjum ykkur til þess að skoða þessi myndbönd, sem finna má á arborg.is, taka samtalið með börnunum ykkar og opna umræðuna um þetta þarfa málefni.

Fyrir hönd forvarnateymis Árborgar
Dagbjört Harðardóttir,
forvarnafulltrúi og Sígga Birta,
teymisstjóri barnateymis velferðarþjónustu



LINDEX



Lionsklúbbur Laugardals 50 ára

Lionsklúbbur Laugardals hólt upp á 50 ára afmæli sitt á árinu með 100 manna hamborgaraveislu í Eyvindartungu í Laugardal, en þar hefur útihúsum verið breytt í glæsilegan veitingasal. Þetta er jafnframt núverandi fundarstaður klúbbsins. Klúbburinn var stofnaður 13. maí 1972 af riflega 20 Laugdælingum. Á þessum 50 árum hefur gengið á ýmsu. Fjöldi félagsmanna hefur sveiflast mjög í gegnum tíðina, farið niður fyrir tíu, en hefur nú náð nýjum hæðum og eru félagar núna 45. Enn býr kjarninn í klúbbum í Laugardal, en um helmingur félaga býr þó utan sveitarfélagsins, aðallega á höfuðborgarsvæðinu, enda stutt að fara austur fyrir fjall á fundi og mann-fagnaði.

Starf Lionsklúbba er margvíslegt og fer það ekki allt hátt. Undanfarið hefur klúbburinn styrkt fjölda aðila sem hafa þurft á því að halda, m.a. Heilbrigðisstofnun Suðurlands og núna síðast tekið þátt í átaksverkefni um kaup á rafstöðvum sem senda á í skóla og leikskóla í Úkraínu. Þetta er sameiginlegt verkefni finnskra, íslenskra, sænskra, eistneskra, pólskra, þýskra og úkraínskra Lionsklúbba.

F.h. Lkl. Laugardals
Niels Bjarki Finsen

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Laugarvatn komið með háhraða 5G net

Nova hefur sett upp 5G sendi á Laugarvatni og býður því bæjarbúum upp á áður óþekktan nethraða á svæðinu. Þar með bætist Laugarvatn í hóp þeirra 45 bæjarfélaga sem hafa aðgang að 5G, en Nova hefur undanfarin ár komið upp yfir 100 sendum í öllum landshlutum. Óhætt er að fullyrða að Nova hafi verið leiðandi í innleiðingu nýjustu tækni og er komið lengst í uppbyggingu 5G á Íslandi. Áætlanir gera ráð fyrir að árið 2024 verði sendarnir orðnir 200 og fjöldi bæjarfélaga með aðgengi að hraðasta neti í heimi orðin yfir 60.

Innleiðing 5G í bæjarfélögum hefur í för með sér umtalsvert meiri afköst og hraðara streymi fyrir einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu, en 5G skilar að jafnaði 150-200 Mb/s hraða á sekúndu og fer reglulega upp fyrir 1.000 Mb/s.

„Þetta þýðir að þeir íbúar og



gestir sem eru með tæki sem styðja 5G, eru með eina hröðustu nettengingu sem möguleiki er á í dag, hvort sem er hér heima eða annarsstaðar í heiminum. Með þessu tryggjum við þ.a.l. mjög hratt streymi, styttri svartíma og niðurhal á ofsahraða en 5G hraði jafnast á við öflugustu ljósleiðaratengingar þar sem þú getur hlaðið niður allt að 2,3 GB á sekúndu og svartíminn er undir 10 millisekúndur. Við erum mjög ánægð með að geta

boðið okkar viðskiptavinum á svæðinu upp sama hraða og tíðkast í æ fleiri bæjarfélögum, þar sem viðbrögðin við 5G innleiðingunni hafa verið hreint frábær,“ segir Benedikt Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjar-skipta Nova.

„5G Nova á eftir að eflast hratt á næstu mánuðum. Við erum þá þegar búin að koma upp sendum í öllum landshlutum og getum þar með boðið viðskiptavinum okkar upp á öflugt net, hvar sem er á landinu en með því að fjölga öflugum sendum er Nova að auka á öryggi landsmanna. Nova hefur lagt mikið í að fjárfesta í innviðum síðustu árin og það skilar sér í því að við getum stígið þessi mikilvægu skref og haldið áfram að vera algjörlega í fremstu röð þegar kemur að því að innleiða 5G hér á landi,“ segir Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova.

Mun ný Hamarshöll setja Hveragerði í gjaldþrot?

Fyrir bæjarstjórnarfund í Hveragerði síðastliðinn fimmtudag fengum við bæjarfulltrúar D-listans loks kynningu á áformum um nýja Hamarshöll, en fyrst var boðað til þessa „samráðsfundar“ í október en honum síðan tvívegis frestað. Flott áform um uppbyggingu voru kynnt sem sveitarfélagið á því miður ekki peninga til að byggja, nema þá að skuldsætja sveitarfélagið og íbúa þess til næstu ára/áratuga með líklega tilheyrandi skerðingu á lögbundinni þjónustu. Fyrstu áfangar sem rísa eiga á núverandi grunni eiga að kosta 1.1 milljarð +/- 20-30% vikið mörk samkvæmt munnlegum heimildum sem við fengum frá fundinum og fullkláruð 7.700 m² höllin mun kosta 2.7 milljarða. Á bæjarstjórnarfundinum var samþykkt af meirihlutnum að fara í alútið á nýrri Hamarshöll, þó að hvergi í minnisblaðinu sem lagt var fyrir á fundinum frá Mannvit og Alark komi fram hvað verkið á að kosta og ljóst er að fjármögnun verksins liggur ekki fyrir.

Skýrslan sem var harðlega gagnrýnd

Eftir að hafa fengið þessa kynningu og upplýsingar um kostnað við þetta mannvirki varð mér hugsað til skýrslu sem Verkis gerði eftir fall Hamarshallarinnar

í vor þar sem kom fram að stálgrindarhús á grunni Hamars-hallarinnar myndi líklega kosta um 1.2 milljarð króna +/- 20-30% vikið mörk. En loftborinhöll með nýju inngangshúsi um 300 milljónir króna. Síðan koma til tryggingabætur. Þessa skýrslu og vinnu Verkis gagnrýndu fulltrúar O-listans og Framsóknar mjög og sögðu þau að aðrir kostir hefðu ekki verið skoðaðir eins og verðhugmynd sem þau væru með frá aðila um að það kosti um 260 m.kr. að koma upp einangruðu stálgrindarhúsi á grunni Hamars-hallarinnar og að húsið yrði tilbúið í lok nóvember og um væri að ræða hús sem þegar væri reynsla af hér á landi. Seinna sögðust þau einnig vera komin með tilboð í 650 milljóna króna stálgrindarhús.

Sem sagt, Mannvit komst að nánast sömu niðurstöðu og Verkis.

Eftir standa spurningarnar

Ætla fulltrúar O-listans og Framsóknar að biðjast afsökunar á því hvernig þau töluðu niður skýrslu Verkis? Hvar eru þessar verðhugmyndir og tilboð nú að 260-650 milljóna króna höll sem O-listinn og Framsókn gat reist fyrir kosningar? Hvers vegna erum við ekki að sjá þessi verð í skýrslu Mannvits? Afhverju



Friðrik Sigurbjörnsson
Oddviti D-listans
í Hveragerði

getur meirihlutinn ekki að reist þessa höll eftir kosningar fyrir þessar miklu lægri upphæðir? Hvernig á að fjármagna þessa 7.700 m² draumahöll? Mörgum af þessum spurningum fáum við ekki svör við þrátt fyrir itrekaðar óskir þar um, enda fer lítið fyrir gagnsæi hjá nýjum meirihluta.

Loftborin höll skynsamlegasta leiðin?

Við á D-listanum efuðumst alltaf um þessar upphæðir að húsum sem O-listinn og Framsókn lögðu fram og ljóst er að við höfðum rétt fyrir okkur. Við höfum alltaf talað um að hagkvæmast og skynsamlegast væri að reisa aftur loftborna höll með það í huga að Íþróttastarf Hamars kæmist aftur í samt horf sem fyrst, því miður hafa fulltrúar meirihlutans bitið það í sig að vilja ekki fara þá leið að reisa aftur loftborna höll sem hefur gjörbylt íþróttastarfi í Hveragerði. En höllin væri komin upp og í notkun hefði verið haldið áfram með loftborna höll.

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Vegaálmi mesti mér,
mínus tveir er stakur.
Hús sem skálf í skutlað er,
skáld sem oft var rakur.

Svar við gátu í blaði 2678: **KLUKKA**
1. Stofuklukka - 2. Þrjónaklukka
3. Bláklukka - 4. Brunnklukka



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglýsingar@dfs.is.


Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Prentgripur
1041 0658



„Frábær bók. Fyrir hugskotssjónum standa ljóslifandi Flóamenn, glampa slær af mannlýsingum og sveitarlýsingum frá tilvitnunum og samtölum með leiftursnjallri frásögn Guðna.“

- Guðmundur G. Þórarinnsson

“Næmt auga á merkilegt fólk, einstök frásagnargleði, sérlega skemmtileg aflestrar, full af húmor en angurblið, einskonar ástarbréf til æskustöðvanna í Flóanum.”

- Össur Skarphéðinsson

Veiðifélag Eystri-Rangár óskar eftir starfsmanni í seiðaeldistöð félagsins að Eyjarlandi við Laugarvatn.

Menntun í fiskeldisfræði er kostur.

Laun skv samkomulagi.

Uppl síma 894-1118 Birkir.

Auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu



Hrunamannahreppur auglýsir eftir leigutökum með það að sjónarmiði að nýta lóðir innan þjóðlendumarka Hrunamannafréttar. Leyfi Hrunamannahrepps þarf til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Svæðin sem auglýsing þessi tekur til eru eftirfarandi skálasvæði:

- Efri-Kisubotna.
- Grákoll
- Helgaskála
- Leppistungur
- Svínárnes

Deiliskipulagsáætlanir eru í gildi fyrir öll svæðin. Unnið er að stofnun lóða á grundvelli deiliskipulags. Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Þekking viðkomandi aðila á þessu svæði.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gistipjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálandinu og starfsemi af-réttarskála.
- Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti.
- Hvernig viðkomandi hyggst nýta lóð og eftir atvikum skála innan svæðanna og hvernig sú nýting samræmis skilmálum deiliskipulags áætlana svæðanna.
- Umsóknir sem innifela allar lóðirnar skulu, að öðru jöfnu, ganga fyrir þeim umsóknum þar sem sótt er um einstakar lóðir.
- Sú kvöð er lögð á að fjallmenn hafi aðgang að öllum skálunum við smölun á afréttinum.

Hrunamannahreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum sem berast fáist ekki viðunandi tilboð.

Upplýsingar um svæðið má nálgast á hjá sveitarfélaginu Hrunamannahreppi á netfanginu hruni@fludir.is. Gildandi deiliskipulagsáætlanir svæðanna má nálgast á vefsíðu Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita www.map.is/sudurland eða á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita á netfanginu vigfus@utu.is eða skipulag@utu.is.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu lands á grundvelli skipulagsskilmála eigi síðar en 6. janúar 2023 á netfangið hruni@fludir.is.

Okkar gæðastundir eru þegar við sitjum saman í sófa og lesum segir lestrarhesturinn Hallgrímur Óskarsson

Hallgrímur Óskarsson er fæddur á Selfossi árið 1970. Hann er alinn upp við gott atlæti á Eyrarbakka hjá foreldrum og sjö systkinum. Gekk í skóla á Bakkanum, fór svo í FSu og býr núna á Selfossi ásamt eiginkonu og tveimur nánast uppkomnum börnum. Hallgrímur starfar sem fasteignasali.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Ég er með þrjár á náttborðinu í augnablikinu. Nýju bókina hans Stefáns Mána, Hungur og svo tvær bækur eftir Ármann Jakobsen, Urðarkött og Útlagamorðin en ég hef aldrei lesið neitt eftir hann áður. Frúin tók þær á safninu fyrir mig og setti á náttborðið. Hún sér stundum um að halda að mér andlega fódurinu. Við eigum okkar gæðastundir þegar við sitjum og lesum hvort í sínu horninu á sófanum.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Það er helst léttmeti, reyfarar og skáldsögur af léttara taginu. Bíð til dæmis spennur eftir að geta náð í nýju bækurnar eftir Yrsu og Arnald á bókasafninu. Svo langar mig líka að lesa bókina sem Katrín Jakobsdóttir og Ragnar Jónasson skrifuðu í sameiningu. Er ekki mikið fyrir skrudmælgu og uppskrúfaðar lýsingar. Var til dæmis fljótur að leggja Grámosinn glóir frá mér eftir Thor Vilhjálmsson. Fannst hún alveg agalega leiðinleg en það eru reyndar einhverjir áratugir síðan. Hef annars lesið allskonar bækur í gegnum árin, bæði íslenskar og erlendar. Undanfarið hef ég lesið töluvert norrænu reyfarahöfundana og það kemur fyrir að þær bækur séu lesnar á dönsku eða sænsku svo maður tapi ekki niður skandinavískunni.

Fékkstu lestraruppeldi í æsku?

Já, ég er alinn upp við lestur, foreldrar mínir og systkini lásu mikið. Eldri systur mínar lásu heimmikið fyrir mig þegar ég var barn. Oft sömu bækur trekk í trekk enda er ég íhaldssamur. Kunni sumar orðrétt utan að og þá varð að lesa þær nákvæmlega eins í hvert skipti fyrir mig. Ö-

ugglega ekki verið gaman fyrir lesarann. Átti uppáhaldsbók sem smáormur sem var sænsk bók um strákinn Albin eftir Ulf Löfgren. Sú bók var lesin upp til agna. Pabbi ýtti mér svo að lestrinum þegar ég var farinn að geta lesið sjálfur en hann var alltaf að tala um bækur sem ég yrði að lesa. Ein þeirra var Sjómannalíf eftir Rudyard Kipling. Eldgömul bók fannst mér en ég las hana frekar ungur og fannst hún mjög góð og hún hafði líka mikil áhrif á mig. Las þá strax á eftir Ríkki tikki tavi og Frumskógarlíf eftir sama höfund.

Hvað gerðist svo?

Svo komu Nonna bækurnar og bækur eftir Ármann Kr. Einarsson og Frank og Jóí í framhaldinu. Þannig byrjaði ég að fá áhuga á lestri. Las svo helling sem unglingur, ýmiskonar bækur. Mikið til spennusögur en líka allskonar skáldsögur. Auðvitað fylgdu svo myndasögur með eins og Tinni, Svalur og Valur, Lukku Láki og Tarzanblöðin. Tinni var og er í miklu uppáhaldi. Svo las ég allt safnið af Öldinni okkar oftast en einu sinni því ég var smá nörd. Sú vitneskja sem ég fékk úr þeim bókum kom sér vel í Trivial Pursuit spiluðu sem var mikið spilað á mínu heimili þegar það kom fyrst út. Auðvitað var ég svo látinn lesa allskonar skáldsögur í FSu í námínu þar. Á íslensku, ensku, dönsku og þýsku. Það opn-

aði hugann fyrir öðruvísi bókum en spennusögum og þess háttar. Fannst til dæmis Bjargvætturinn í grasinu mjög góð bók sem og Of Mice and Men og Barndommens gade. Gæti samt líklega ekki lesið bók á þýsku í dag. Þýskan er týnd og tröllum gefin hjá mér því miður. Ólíkt því sem tíðkast í dag þá fékk ég alltaf bækur í jólagjöf, frá svona 12 til 20 ára aldurs. Yfirleitt svona 5-7 bækur. Finnst afturför að krakkar og unglingar upp til hópa vilji helst ekki bækur að gjöf og lesi lítið. Hef reyndar þá skoðun að krakkar í dag ættu að lesa miklu meira en mér virðist þau gera og eins að foreldrar ungra barna ættu alltaf að lesa fyrir þau á kvöldin.



Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég les í skorpum, tek til dæmis góða skorpu svona frá nóvember og fram í mars en les svo kannski ekkert í einhvern tíma þar á eftir, nema kannski eina bók í sumarfríinu. En ég er þínu hámlæsari, á erfitt með að leggja frá mér bók ef ég er á annað borð byrjaður að lesa og bókin er góð. Les oftast á kvöldin uppi í rúmi eða í hægindastól um helgar með teið mitt við hendina. Ef við förum til útlanda í frí er nauðsynlegt að hafa bók með.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Ég get ekki sagt að ég eigi uppáhaldshöfund. Ef bókin sem ég les í hvert skipti höfðar til mín þá verður sú höfundur uppáhalds í einhvern tíma meðan ég er að lesa meira eftir hann. Svo tekur annar við.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já, þegar ég var unglingur las ég allar bækurnar eftir Sven Hassel og vakti heilu næturnar. Man að pabbi kom stundum um miðja nótt og rak mig til að fara að sofa. Gekk eitt sinn svo langt eftir miklar vökur að ég sá ekki neitt vegna hvarmabólgu í tvo daga og þá slakaði ég aðeins á í hámlæsínu.

Að lokum Hallgrímur, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Líklega reyfara eða einhverja sögulega skáldsögu af léttara taginu.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Ózur Snorrason: jonozur@gmail.com

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!





Þrjár nýjar bækur frá bókaútgáfunni Nýhöfn í Hveragerði

Bókaútgáfan Nýhöfn í Hveragerði gefur út 6 veglegar bækur í ár og af þeim eru þrjár nú áberandi á jólamarkaði. Þetta eru bækurnar Draugaslóðir á Íslandi sem Símon Jón Jóhannsson tók saman, Ingólfur Arnarson – Arfleifð hans og Íslandssagan í nýju ljósi eftir Árna Árnason rekstrarhagfræðing og Gullöldin – Myndir og minningar eftir Rúnar Gunnarsson.

Ívar Gissurarson útgefandi hjá Nýhöfn gaf Dagskránni góðfúslegt leyfi til að birta kaflann um Arnarbælissskottu úr bókinni Draugaslóðir á Íslandi en í bókinni eru um 100 draugasögur úr öllum landshlutum. Farinn er hringurinn um landið og sagðar draugasögur úr flestum sveitum.



Arnarbælissskottu. Ofan hans stóð áður Arnarbælissskottu sem byggð var 1864-66. Hún var rifin árið 1909 og sóknin lögð til Kotstrandar. Kirkju er fyrst getið í Arnarbæli árið 1200. Ljóm.: Ívar Gissurarson

Arnarbælissskottu

Séra Jón Daðason (1606-1676) var prestur í Arnarbæli í Ölfusi um miðja 17. öld. Hann var lærður maður og skáld en hjátrúarfullur í meira lagi. Áður en séra Jón varð prestur í Arnarbæli hafði hann verið prestur í Ögurþingum við Ísafjarðardjúp og lent þar í ýmsu mótlæti. Sagt var að einu sinni hefði Jón verið að húsvitja og gist hjá hreppstjóra en verið tekið fálega. Heyrði hann þá á tal tveggja kerlinga sem sögðu að um kvöldið kæmi gestur á bæinn sem væri vanur að drepa presta. Kom gesturinn um kvöldið og var Jón þá viss um að hann mundi bana sér. Ákvað hann því verða fyrri til og skömmu eftir að fólk var gengið til náða fór hann og kyrkti gestinn.

inn. Kom hann sér síðan á brott úr sókninni svo fljótt sem hann gat og varð þá kirkjuprestur í Skálholti og síðar í Arnarbæli. Auðvitað voru Vestfirðingar óánægðir með viðskilnað Jóns vestra og sendu honum hvern drauginn á fætur öðrum suður. En séra Jón kunni það mikið fyrir sér að hann vissi alltaf þegar sendingar voru magnaðar til hans og gat varist þeim. Sendi hann draugana ýmist heim aftur eða kom þeim fyrir á annan hátt. Einu sinni sem oft var vissi séra Jón að sending væri á leiðinni til hans. Sendingin var svo mögnuð að prestur treysti sér ekki til að mæta henni. Lét hann þá fara með reiðhest sinn inn í stofu og breiddi yfir hann messuskrúða. Sjálfur fór hann í hesthúsið, lét gyrða sig söðli og setja upp í sig beisli og beið svo á á fjórum fótum í stallinum. Draugurinn kom og drap hestinn í stofunni en séra Jón slapp ómeiddur í hesthúsinu. Annað sinni sat prestur heila nótt á kirkjumæninum og kvað kvæði sitt Draumgeisla yfir draug sem sótti að honum.

Séra Jón varð svo bráðkvaddur á túninu í Arnarbæli þar sem heitir Kaldakinn og töldu menn að draugur hafi komið honum að óvörum og drepð hann. Eftir dauða Jóns fór að bera á miklum draugagangi í Arnarbæli og var




Arnarbæli merkt inn á kort.

þá einna helst kvendraugur á ferðinni með þrjónaskothúfu á höfði. Hún gerðist staðarfylgja og var nefnd Arnarbælissskottu.

Arnarbælissskottu gerði fólk á bænum margs konar glettur og skemmdi ýmislegt svo sem tóvinnu. Ekki gerði hún fólk að öðru leyti mein nema að menn töldu hana hafa drepð séra Jón. Alltaf þurfti að hafa lausan bás fyrir Arnarbælissskottu í fjósinu að sofa í. Væri brugðið út af því drápuð kálfar eða kýr féllu úr nyt. Stundum á messudögum sáu menn Skottu húka á bak við bæjardyrnar meðan hringt var til messu og var greinilegt að hún þoldi illa klukknaðljóðið.

Sigvaldi hét maður sem bjó í Strýtu í Bakkárholtshverfi seint á 18. öld. Var hann talinn göldrótur. Prestur sá, sem þá var tekinn við í Arnarbæli, það Sigvalda að koma Arnarbælissskottu niður ef hann mögulega gæti. Honum tókst að sára Skottu út

í Búlkhusós og að steini sem stóð í ósnum. Ekki gat Sigvaldi kveðið Arnarbælissskottu alveg niður því hún fór sífellt undan í kringum steininn en hann gat búið svo um hnútana að hún varð föst þar og komst ekki burt. Leitaði Sigvaldi síðan til Jóns er bjó í Bakkárholti og bað hann að liðsinna sér við að koma Skottu niður. Fóru þeir saman í Búlkhusós að fást við Skottu. Jón fór með kröftugt ákvæðiskvæði sem hann hafði ort en Sigvaldi gól galdra og fór með særingar. Gengu þeir hvor á móti öðrum í kringum steininn og tókst þannig að króa Arnarbælissskottu af á milli sín. Með þessu gátu þeir loks komið Skottu niður og bjuggu svo rammlega um að hún losnaði ekki aftur. Var steinninn síðan kallaður Skottusteinn. (Sbr. Guðni Jónsson, Íslenskir sagnabættir og þjóðsögur III, s. 18-22.)



Ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar af Arnarbæli eftir Suðurlandsskjálftann 1896.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,

oddviti Framsóknar í Hveragerði og forseti bæjarstjórnar



Í aðdraganda kosninga í vor lagði Framsókn í Hveragerði áherslu á velferð fjölskyldunnar og skýra framtíðarsýn við uppbyggingu bæjarins. Áttu þær áherslur samlegð með íbúum í Hveragerði og samstarfsflokki í meirihluta. Meirihluti Framsóknar og Okkar Hveragerðis hafa nú unnið að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og ber áætlunin glöggvitni um áherslumálin.

Áætlunin er unnin í góðu samstarfi við bæjarstjóra, skrifstofustjóra og starfsfólk bæjarins. Eins hafa íbúar bæjarins lagt sitt af mörkum með því að senda inn sínar tillögur við fjárhagsáætlun í gegnum íbúagátt bæjarins. Það skal jafnframt tekið fram að öllum bæjarfulltrúum stóð til boða að taka þátt í þessari vinnu en minnihluti Sjálfstæðismanna hafnaði því boði en fjárhagsáætlun hefur verið unnin í góðu samstarfi milli fyrrum minni og meirihluta síðustu 10 ár. Áætlunin hefur nú verið samþykkt.

Aukum tekjur

Það er óumflýjanleg staðreynd að reksturinn er þungur og hafa lán verið tekin fyrir rekstrinum. Þessu vill meirihlutinn breyta. Í áætlun 2023-2026 er markmið meirihlutans að rekstur sveitarfélagsins verði sjálfbær. Til þess að mæta þessu markmiði þurfum við öll að sýna ráðdeild í rekstri án þess þó að skerða þjónustu við íbúa. Önnur leið í átt að sjálfbærni er að auka tekjur sveitarfélagsins og þar liggja tækifærin.

Fjölskyldan

Málefni fjölskyldunnar voru efst á baugi við vinnu fjárhagsáætlunar sem er í samræmi við málefnasamning meirihlutans. Á árinu 2023 verður haldið áfram að lækka gjöld fyrir leikskólavist. Haustið 2022 ákvað meirihluti Framsóknar og Okkar Hveragerðis að bjóða upp á eina fría klukkustund á leikskólum bæjarins og haustið 2023 er gert ráð fyrir að gjaldfrjálsar klukkustundir verði orðnar tvær og með því lækka gjöld til foreldra leikskólabarna. Fái 12 mánaða barn ekki pláss á leikskóla verða veittar foreldragreiðslur. Í áætlun er gert ráð fyrir að frístundastyrkur verði hækkaður og lækkun leikskólagjalda og hækkan frístundastyrks verði í áföngum á kjörtímabilinu. Það

er skýr framtíðarsýn í fjárfest-ingum og ber þar helst að nefna framtíðar íþróttamannvirki Hvergerðinga sem mun rísa árið 2023 og uppbyggingu í leik- og grunnskóla.

Framtíðin

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 3. nóvember að ganga til samninga við KPMG vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins en 10 ár eru liðin síðan sambærileg úttekt fór fram. KPMG hefur veitt faglega ráðgjöf vegna vinnu við fjárhagsáætlunina sem lögð hefur verið fram. Sú vinna heldur áfram og verður 10 ára áætlun kynnt á nýju ári. Þrátt fyrir áskoranir fram undan lítur meirihlutinn björtum augum á framtíðina enda tækifærin fjölmörg. Hveragerðisbær er í örur vexti, fram undan eru metnaðarfull verkefni. Mikilvægt er að huga að framtíðinni, setja markmið svo innviðaupbygging haldist í hendur við fjölgun íbúa.

Það er kappsmál meirihlutans að þjónusta íbúa Hveragerðis sem best. Áhersla er lögð á fjölskylduna, stuðning við barnafjölskyldur, hér séu áfram öflugar menntastofnanir, fjölbreytt atvinnulíf, gæða íþróttar og frístundastarf, heilsuefning sé í hávegum höfð og að ferðaþjónustan og menningin haldi áfram að blómstra.

Bókari – almenn skrifstofustörf

Búnaðarsamband Suðurlands, Selfossi óskar eftir að ráða starfsmann í 100% vinnu við bókhald og almenn skrifstofustörf.



Starfslýsing:

- Færsla bókhalds, reikningagerð, ársreikninga- og framtalsgerð, almenn skrifstofustörf og ýmis tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Bókhaldskunnátta, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á excel, dk og hýsingu er kostur.
- Öguð og vönduð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.

Umsóknnum skal skilað rafrænt á netfangið helga@bssl.is. Vinnutími er frá 8-16 og frá 8-12 á föstudögum. Laun eru samkvæmt samningum VR. Umsóknarfrestur er til og með 23.12.2022

Búnaðarsamband Suðurlands,
 Austurvegi 1, 800 Selfoss, sími 480 1800

Listasafn Árnesinga gefur skólum fræðsluefni

Listasafn Árnesinga gaf grunn-skólum Árnessýslu vandað fræðsluefni á dögunum. Fræðsluefnið, sem er á vegum safnsins, er í tengslum við yfirstandandi sýningu safnsins, Summa & Sundrung. Verkin á sýningunni eru aðallega vídeó verk eftir listamennina Steinu og Woody Vasulka og Gary Hill sem eru miklir frumkvöðlar vídeólistar og einir fremstu listamenn okkar samtíma á því sviði. Fræðsluefnið stendur þó einnig eitt og sér og auðvelt er að nýta það í kennslu innan skólastofunnar.

Efnið sem um ræðir fjallar m.a. um listamennina Steinu og Woody Vasulka og tilrauna-kenndar aðferðir þeirra við víd-

eolist, margbreytileg verk þeirra og ævintýrlegan feril.

Auk þess er greint frá aðferðafræði vídeólistar, sjónbrella, tækni og upphaf þessarar listastefnu sem hóf sig til flugs á sjöunda áratugnum.

Von Listasafnsins er að fræðsluefnið kveiki í áhuga skólana til að fræðast um þessa stórbrotu listamenn og að nemandur fái tækifæri á því gera sjálf

tilraunir með ýmsa tækni og aðferðir við að búa til vídeolist.

Listasafn Árnesinga leggur ríka áherslu á virkt og gott samstarf með skólum í Árnessýslu, hvort sem það er að fá skólahópa í heimsókn á safnið til að fræðast um yfirstandandi sýningar, sögu Listasafnsins eða miðla fræðsluefni.

Verkefnið var styrkt af Uppbyggingsráði Suðurlands.




Syngdu með okkur inn jólin !!
 Opín söngstund með Kirkjukór Selfosskirkju
 Kalli & smákökur á eftir

Selfosskirkja
 22.12.22 kl: 19:30



Bláskógaskóli Laugarvatni auglýsir eftirfarandi stöður:

Kennari á leikskóladeild
 Umsjónarkennari á yngsta stig – tímabundin ráðning.

Við leitum eftir einstaklingum sem eru:

- jákvæðir og samstarfsfúsir
- hafa brennandi áhuga fyrir velferð barna
- eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar og breytingar í starfi
- eru sveigjanlegir og eiga auðvelt með að vinna í teymiskennslu.

Umsóknarfrestur er til 2. janúar og vonast er eftir að hægt sé að hefja störf sem fyrst. Umsóknir skulu berast í tölvupósti á elfa@blaskogaskoli.is. Ferilskrá og stutt kynningarbréf berast með umsókn. Ef ekki fæst kennari til starfa er litið til reynslu og meðmæla úr fyrri störfum.





Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.



RARIK ohf | www.rarik.is



BÆKUR BJÖRNS RÚRIKSSONAR



FLOGIÐ AFTUR Í TÍMANN

Forvitnileg og stórskemmtileg bók um allar byggðir á Suður- og Suðvesturlandi. Víða eru sömu svæði skoðuð og borin saman, nú og fyrir hartnær hálfri öld.

Einnig eru mjög fallegir kaflar um náttúruna, sérstaklega um dramatíska hörfun jökla á Suðurlandi um sama árabíl.

Verð 6.900 kr.



YFIR ÍSLANDI

Þessi glæsilega og klassíska bók fjallar um furður náttúrunnar á öllu landinu og jarðfræðileg og landfræðileg undur þess. Bókin er afrakstur 700.000 km ljósmyndaflugs - sem er heil tunglferð fram og til baka!

Verð 4.990 kr.

ICELAND FROM ABOVE

Lítill bók með sama efni á ensku.
Verð 1.990 kr.



SÖLUSTADIR Á SUÐURLANDI

Verslun Föðurbloðdunnar á Selfossi (gegnt Mjólkurbúinu við Austurveg),
Verslanir Pennans / Eymundssonar á Selfossi og um land allt.

JARÐSÝN BÓKAÚTGÁFA, SELFOSSI

Nýr kjarasamningur

Almennur félagsfundur Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn að Austurvegi 56 fimmtudaginn 15. desember. Klukkan 17.

Dagskrá:

1. Kynning á kjarasamning sem undritaður var 3. desember sl.
2. Önnur mál

Farið verður yfir helstu helst atriði nýs kjarasamnings og hvað það þýðir fyrir launafólk ef hann verður samþykktur. Félagsmönnum gefst tækifæri á að spyrja nánar út í samninginn.

Nú er kosning á samningum hafin og hvetjum við alla félagsmenn sem eiga aðild að þessu samningi að nýta sér kosningarétt sinn og kjósa á www.baran.is

Hægt er að lesa nánar um samninginn á heimasíðu félagsins www.baran.is



New collect agreement

A general union meeting of Bárán, the trade union, will be held at Austurveg 56 on Thursday, the 15th of December 2022 at five o'clock pm.

Agenda:

1. Presentation of the collective bargaining agreement that was announced on December 3rd 2022
2. Other matters

The main points of the new collective agreement will be covered and what it means for workers if it is approved. Members will have the opportunity to ask further questions about the agreement. Now the election of agreements has begun, and we urge all members who are parties to this agreement to exercise their right to vote on the union's website www.baran.is

You can read more about the agreement on the union's website www.baran.is

Ogólne zebranie

Walne zgromadzenie związku zawodowego Bárann odbędzie się w czwartek, 15 grudnia o godzinie 17:00 przy ul. Austurveg 56 w Selfoss.

Harmonogram zebrania:

1. Prezentacja układu zbiorowego, który został podpisany 3 grudnia 2022.
2. Inne kwestie/zagadnienia

Omówione zostaną główne punkty nowej umowy zbiorowej oraz jej znaczenie dla pracowników w przypadku jego zatwierdzenia. Członkowie będą mieli możliwość zadawania pytań dotyczących nowej umowy.

Głosowanie nad nową umową zbiorową już się rozpoczęło i zachęcamy wszystkich, którzy są członkami tego układu do skorzystania z przysługującego im prawa do głosowania i zagłosować na www.baran.is

Więcej o umowie można przeczytać na stronie internetowej związków www.baran.is

Hótel og afþreyingarmiðstöð í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus og Íslenskar Fasteignir ehf. hafa undirritað viljayfirlýsingu um fyrirhugaðar framkvæmdir við hótél og afþreyingarmiðstöð í Hafnarvík við Leirur í Þorlákshöfn. Skv samkomulaginu mun Ölfus úthluta Íslenskum Fasteignum lóð fyrir uppbyggingu fyrir allt að 180 herbergja hótél og afþreyingarmiðstöð auk smáhyða. Stefnt er að því að hótelið verði hannað og starfrækt í nánú samstarfi við nærliggjandi golfvöll samkvæmt nánara samkomulagi við Golfklúbb Þorlákshafnar.

Íslenskar Fasteignir munu annast undirbúningsrannsóknir og gerð skipulagstillagna fyrir verkefnið í nánú samráði við sveitarfélagið Ölfus og með hliðsjón af markmiðum og ákvæðum Aðalskipulags Ölfuss.

Stefnt er að því að framkvæmdir við uppbyggingu hótels geti hafist í lok næsta árs og að opnun þess geti orðið vorið 2026.

„Við eins og aðrir þekkjum þá miklu uppbyggingu sem er að eiga sér stað í Ölfusinu, og þá ekki síst Þorlákshöfn. Við höfum kynnt okkur vandlega þessi áform og höfum mikla trú á framtíð þessa svæðis. Hér eru allar forsendur til að staðsetja

hótél og afþreyingarmiðstöð eins og áform okkar standa til, með golfvöllinn, Bláfjöllin og víðernið við andyrið og sjálft Atlantshafið og þessa mögnuðu fjöru í bakgarðinum. Samstarfið við Sveitarfélagið hefur verið til mikilla fyrirmynda. Kraftur þeirra og stórhugur er hreinlega smitandi og við stefnum að víðtæku samstarfi,“ segir Björn Gunnlaugsson, verkefnastjóri hjá Íslenskum Fasteignum.

„Það er stórt skref fyrir okkur og í raun viðurkenning að fá sterkt félag eins og Íslenskar Fasteignir til samstarfs um verkefni sem þetta. Við heimamenn vitum vel að hér eru mikil tækifæri en það er ekki sjálfgefið að fjárfestar og frumkvöðlar hafi þessa sömu sýn. Þau áform sem nú hafa verið undirrituð munu setja Þorlákshöfn á kortið í ferðaþjónustu svo um munar. Þegar það fer saman með uppbyggingu á nýjum miðbæ, stækkun hafnarinnar, fjölgun íbúa og fjölbættum umhverfisvænum áformum svo sem laxeldi á landi þá verður flestum ljóst að það er vöxtur framundan. Von okkar er því að Íslenskar Fasteignir horfi til áframhaldandi þátttöku hér,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfus.



Elísabet Jökulsdóttir og Páll Óskar bræddu hjörtu

Það var falleg aðventustemning í Listasafni Árnesinga 8. des. sl. þegar að Elísabet Jökulsdóttir og Páll Óskar ásamt gítarleikaranum Ásgeiri J. Ásgeirssyni komu fram fyrir fullu húsi. Er óhætt að segja

að þau hafi brætt hjörtu gesta safnsins með yndislegri og hjarnæmri framkomu. Listasafnið er opið til 23.12 en fer þá í jólafrí og svo verður safnið lokað þar til að afmælisýning safnsins opnar í febrúar.





22%



ALLY Borðstofustóll
22.900 kr. Nú 17.900 kr.

20%



REGGIO 3ja sæta sófi
199.900 kr. Nú 159.900 kr.

40%



Hnotubrjótur, verð frá
1.794kr. með afslætti

37%



SONA Loftljós
10.995 kr. Nú 6.900 kr.

25%



FLORA Blómavasi
3.995 kr. Nú 2.995 kr.

34%



PEARL Loftljós
34.995 kr. Nú 22.995 kr.

20%



VISBY Hár skápur 180cm
149.900 kr. Nú 119.900 kr.

20%



20% af öllum dúkum
frá LOVELY LINEN.

30%



BARNES Borðstofustóll
16.900 kr. Nú 11.900 kr.

22%



RAW Hnífaparasett
4x4 svart
11.495 kr. Nú 8.995 kr.

20%



FOCUS Vegghilla
145.900 kr. Nú 116.900 kr.

ILVA Selfossi, Austurvegur 69

Virkir dagar 11:00 - 18:00, laugardaga 11:00 - 17:00, sunnudaga - lokað

ILVA

Gleðileg jól



Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum
öllum gleðilegra hátíða og farsældar á nýju ári með
þakklæti fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.

Hátíðarkveðjur,

Anna Bína, Ásrún, Bergrún, Dagný, Eysteinn, Gróa,
Guðmunda, Hanna Valdís og Katrín

OPNUNARTÍMAR YFIR JÓL OG ÁRAMÓT:

Þorláksmessa	kl. 9 - 18
Aðfangadagur	kl. 10 - 12
Jóladagur	LOKAÐ
Annar í jólum	kl. 11 - 14
Gamalársdagur	kl. 10 - 12
Nýársdagur	LOKAÐ

APÓTEK
SUÐURLANDS

Austurvegur 24-26, 800 Selfoss -Sími 482 1182 / 482 1102 - apotek@apoteksudurlands.is

Yfir 1000 manns sáu Jólasýningu fimleikadeildar Selfoss



Jólasýning fimleikadeildar Selfoss var haldin laugardaginn 10 desember síðastliðinn þar sem saga Disney ævintýrisins ENCANTO var sett upp. Sýningin var mjög vel sótt í ár en yfir 1200 manns sáu sýningarnar þrjár og því milli 400-500 manns á hverri sýningu. Gleðin skein úr hverju andliti þegar iðkendur okkar uppskáru eftir skemmtilegar æfingavikur í salnum.

Inga Heiða Heimisdóttir tók fallegar myndir á öllum sýningunum en þær myndir eru til sýns inná Facebook-síðu Selfoss Fimleikamyndir. Hægt er að kaupa myndirnar en allur ágóði rennur í fræðslusjóð fimleikadeildarinnar.

Fimleikadeildin vill koma á framfæri þökkum til allra iðkenda, foreldra, þjálfara, sjálfbóðaliða og styrktaraðila.



Kosningar um nýjan kjarasamning

Starfsgreinasamband Íslands undirritaði nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins þann 3. desember síðastliðinn, með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu.

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Helstu atriði

- Kauptaxtar hækka um að lágmarki 35.000 kr. frá 1. nóvember 2022 skv. nýrri launatöflu. Samningurinn felur í sér lagfæringu á launatöflunni sem gerir það að verkum að hækkun getur orðið allt að 52.000 kr. á mánuði.
- Mánaðarlaun (laun þeirra sem ekki eru á kauppöntum) hækka um 33.000 kr. frá 1. nóvember 2022.
- Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið. (kjaratengdir liðir eru t.d. fatapeningar)
- Bónusar og akkorð í fiskvinnslu hækka um 8% sem mun skila fiskvinnslufólki á bilinu 6.000 - 34.000 kr. hækkun á mánuði.
- Desemberuppbót á árinu 2023 verður 103.000 kr. miðað við fullt starf.
- Orlofsuppbót miðað við fullt starf verður 56.000 kr. á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023.

Ný launatafla

	Byrjandi	1 ár	3 ár	5 ár
4	402,235	406,257	412,351	420,598
5	404,568	408,614	414,743	423,038
6	406,914	410,984	417,148	425,491
7	409,275	413,367	419,568	427,959
8	411,648	415,765	422,001	430,441
9	414,036	418,176	424,449	432,938
10	416,437	420,602	426,911	435,449
11	418,853	423,041	429,387	437,975
12	421,282	425,495	431,877	440,515
13	423,725	427,963	434,382	443,070
14	426,183	430,445	436,902	445,640
15	428,655	432,941	439,436	448,224
16	431,141	435,453	441,984	450,824
17	433,642	437,978	444,548	453,439
18	436,157	440,518	447,126	456,069
19	438,687	443,073	449,720	458,714
20	441,231	445,643	452,328	461,374
21	443,790	448,228	454,951	464,050
22	446,364	450,828	457,590	466,742
23	448,953	453,443	460,244	469,449
24	451,557	456,072	462,914	472,172

Sýnidæmi - munur á kjörum starfsmanns í vaktavinnu, ferðabjónustu

Forsendur: Einstaklingur er með 5 ára starfsreynslu

Launaseðill - eldri samningur // Pay slip - old contract			
	Einingar // Units	Taxti // Rate	Upphæð // Amount
Dagvinna // Daytime	75	2.178 kr	163.368 kr
33%	55	2.897 kr	159.338 kr
45%	43,33	3.158 kr	136.856 kr
Yfirvinna // Overtime	12	3.921 kr	47.050 kr
Orlof // Holiday entitlement		10,17%	
Samtals // Total			<u>506.612 kr</u>

Launaseðill - nýr samningur // Pay slip - new contract			
	Einingar // Units	Taxti // Rate	Upphæð // Amount
Dagvinna // Daytime	75	2.460 kr	184.464 kr
33%	55	3.271 kr	179.914 kr
45%	43,33	3.566 kr	154.528 kr
Yfirvinna // Overtime	12	4.427 kr	53.126 kr
Orlof // Holiday entitlement		10,17%	
Samtals // Total			<u>572.031 kr</u>

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn er rafræn og stendur frá kl.12 þann 9. desember til kl. 12:00 þann 19. desember. Niðurstöðurnar verða kynntar eftir hádegi 19. desember. Kosning er rafræn og fer fram á heimasíðum félaganna www.vlfs.is og www.baran.is



Forsíðumynd Jólابلaðs Dagskrárinnar

Það var vandasamt verk sem beið dómnefndar Dagskrárinnar í Jólaljósmynda-keppni ársins en okkur bárust fjöldinn allur af jólalegum og fallegum myndum úr öllum áttum og stóð valið tæpt. Það fór þó svo að Hallgrímur P. Helgason bar sigur úr býtum með fallegu myndinni sem prýðir forsíðu blaðsins í dag. Hallgrímur hefur með sigrinum nælt sér í glæsilega Canon EOS M50 Mark II frá Origo og ársaðild að Blik ljósmyndaklúbbi. Við munum birta nöfn og myndir þeirra sem lentu í öðru og þriðja sæti í næstu



viku en þau fá bæði ársaðild að Blik ljósmyndaklúbbi að verðlaunum. Við óskum Hallgrími innilega til hamingju með myndina.



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

Sendum félagsmönnum okkar og
landsmönnum öllum bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Þökkum fyrir árið sem er að líða.



Óskum Sunnlendingum öllum
gleðilegrar hátíðar og þökkum gæða
samvinnu á árinu sem er að líða.

Með hátíðarkeðju,
Guðrún, Vilhjálmur, Ásmundur og Birgír
þingmenn Sjálfstæðisflokksins

Sagan af Baltasar Baxter og Bessu Mjöll

Það var dag einn í lok nóvember 2011 að bóndi minn var sem oft áður á rölti á bæjarhlaðinu. Að þessu sinni í félagsskap Baxters, sex ára gamals hunds af Boxerkyni. Baxter var nýkominn í fóstur til okkar þarna rétt undir jólin. Hann var mikill vexti og stæðilegur, stórlyndur og hafði ríkt varðæðli. Farið var að rökkva þegar gangan hófst. Veður var rysjótt, hvassviðri og gekk á með dimmum eljum. Við vorum búsett á kirkjustað, nokkuð frá annarri byggð en þó mátti grilla í ljós þaðan á milli elja.

Baxter var hlýðinn og tryggur nýjum húsbændum og fylgdi þeim jafnan fast eftir en þarna í miðri gönguferðinni tók hann skyndilega á rás og stefndi einbeittur að kirkjudyrunum. Stökk léttilega upp kirkjutröppurnar og staðnæmdest á þeirri efstu þar sem hann stóð svo grafkyrr og starði niður á eitthvað, að því er virtist. Bóndinn kallaði til hundsins í fyrstu, sem virtist ekkert heyra, svo að sá fyrirnefndi fór að gá hverju sætti. Í fyrstu kom hann auga á litla, gráa þúst í horninu við dyrnar. Það reyndist við nánari athugun vera hálfstálpaður kettlingur sem lá þarna í hnipri og hafði greinilega leitað skjóls frá veðrinu, þar sem ylinn lagði undan óþéttum kirkjudyrunum.

Það var algerlega óvíst hver yrðu örlög kattarins þarna undir ströngu tilliti Baxters, sem við vissum að var alveg óvanur köttum. Örlög kisu réðust á þessum tímamarki. Bóndinn skipaði Baxter að fylgja sér og bjóst til þess að ganga burt frá kettinum, og freista þess að fá athygli hundsins af honum. Hann kom lötrandi á eftir hinum nýja húsbónda sínum, en hikandi. Á þessu augnabliki virtist eins og það hefði myndast einhver óskiljanleg tenging milli dýranna, sem er best lýst þannig að Baxter bauð kisu að elta sig heim á leið – og hún þáði boðið. Nokkur spotti var heim í hús en kisa litla fylgdi í humátt á eftir



Myndir: Hrefna Danielsdóttir.

hundi og manni. Baxter gætti þess að hafa auga með henni á heimleiðinni. Þegar húsbóndinn opnaði útidyrnar, fylgdi kötturinn hundinum óhikað inn úr storminum og hriðinni.

Fyrsta verk kisu litlu var nú að leita sér ætis og vatns. Hún fór beint í matardalla Baxters, sem stóð yfir henni og mændi á hana athafna sig en aðhafðist ekkert. Kötturinn naut einhverrar óskiljanlegrar friðhelgi. Augljóst var að hann var langsolttinn, blautur og máttfarinn. Holdafarið var afar rýrt og hár hans strítt. Þetta var greinilega samt ekki villiköttur og líklegast virtist, miðað við aðstæður og ástand hans, að hann hefði verið borinn út af eigendum sínum. Hafist var handa um að hlúa að kisu litlu, næra þurrka og verma. Baxter fylgdist með þessu öllu af athygli. Við fórum með kisu á dýraspítala, þar sem ekkert örmerki fannst en hún talin vera um það bil fjögurra mánaða smávaxin læða eftir skoðun og aðhlyningu. Í samráði við dýralækna, varð það úr að við fyndum henni nýtt heimili ef réttur eigandi fyndist ekki. Þrotlaus leit að eigendum í nágreinninu skilaði engum árangri svo að við létum boð út ganga

um að leit að góðu heimili stæði yfir fyrir kisu. Helst hefðum við viljað fóstura hana sjálf en aðstæður okkar leyfðu það ekki. Kisa litla var nú hjá okkur um sinn og braggaðist með degi hverjum. Eftir því sem styrkur hennar jókst, fékk hún ekki lengur aðgang að matnum hans Baxters, enda eignaðist hún fljótlega sinn eigin matardall. Í fyrstu hafði kisa fengið að kúra hjá Baxter en hann skynjaði það strax þegar hún þurfti ekki lengur á því að halda. Á meðan kisa litla var sem máttförnust, hlúði Baxter beinlínis að henni en eftir því sem styrkur hennar jókst, minnkaði friðhelgin. Aldrei kom þó til átaka né nokkurra láta á milli þeirra. Þau höfðu bæði verið í þeirri aðstöðu að þurfa á nýju fósturheimili að halda, þó svo að það væri af mismunandi ástæðum.

Rétt fyrir jólin hringdi síminn. Kurteis ung kona spurði hvort hún mætti koma með börnin sín tvö að hitta kisu, sem hún hafði frétt af hjá vinkonu sinni. Litla fjölskyldan kom í heimsókn, og milli kisu og þeirra mynduðust óðara kærleiksbönd. Þau höfðu áður farið í Kattholt en ekki náð að mynda tengsl við nokkurn þeirra katta sem þar voru. Það var gefandi að sjá hversu hlý samskipti fóru þarna á milli. Kisa varð þar með þeirra. Baxter virtist samþykkja þessa ráðagerð (þetta var nú einu sinni kisan hans). Baxter fylgdi litlu vinkonu sinni á nýja, notalega heimilið hennar. Börnin skýrðu kisu Bessu Mjöll. Bessa Mjöll lifir í góðu yfirleti enn í dag, þökk sé Baltasar Baxter og fósturfjölskyldunni. Jólin gengu í garð og hin farsælu afdrif beggja dýranna gáfu hátíðinni nokkuð sérstakan blæ að þessu sinni.

Höfundur:
Hrefna Danielsdóttir.



Jólahátíðin í Sveitarfélaginu Árborg

Í þessum mánaðarlegu pistlum hef ég farið stuttlega yfir helstu verkefni Sveitarfélagsins Árborgar og bæjarstjórnar hverju sinni og vona að íbúar og aðrir áhugasamir hafi af því einhverjar upplýsingar og fróðleik. Nú þegar komið er fram í desember og jólahátíðin stendur sem hæst með öllum þeim skemmtilegu viðburðum sem því tengjast er um leið verið að klára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem rannar inn helstu verkefni og stefnu bæjarstjórnar fyrir næsta árið.

Dregið úr hækku fasteignagjalda

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 ætlar Bæjarstjórn Árborgar meðal annars að leggja sitt að mörkum til að draga úr hækku fasteignagjalda eftir ótrúlega hækku fasteignamats fyrir næsta ár. Fasteignagjöldin samanstanda af fasteignaskatti, lóð-

arleigu, fráveitu- og vatnsgjaldi og sorphirðugjaldi. Bæjarstjórn ákvað að lækka ekki fasteignaskattsprósentuna vegna tengingar hennar við framlög jöfnunarsjóðs heldur frekar lækka fráveitu- og vatnsgjaldið. Það skilar því að hækku fasteignagjalda á íbúa og fyrirtæki verður á bilinu 7-17% í stað 18-38%. Gerum okkur grein fyrir að þetta er töluverð hækku en því miður var ekki hægt að ganga lengra enda fjárhagsstaða sveitarfélagsins krefjandi. Markmið næstu ára er áframhaldandi hagræðing í rekstrinum til að skapa jákvæða rekstrarafkomu og grundvöll til frekari innviðaframkvæmda sem bætir aðstöðu og þjónustu við okkur íbúanna.

Nýjar skólabyggingar komast í notkun

Það er gleðiefni að aðstaða til kennslu er að batna verulega á Eyrarbakka á þessum vikum.

Eftir að upp kom mygla í húsnæði barnaskólans í vor hefur kennsluáðstaðan verið á mörgum stöðum og aðdáunarvert hvernig kennarar, starfsfólk og nemendur hafa leyst úr aðstöðum sem enginn bað um. Þótt um sé að ræða bráðabirgðahúsnæði mun það án efa bæta núverandi aðstöðu umtalsvert fyrir eldri deildir skólans.

Nemendur og starfsfólk Stekkjaskóla biða einnig spennu eftir að geta fært sig yfir í nýtt húsnæði á skólalóðinni. Framkvæmdir við 1. áfanga skólans hafa staðið yfir frá því í mars 2021 en eru nú á lokametrunum og ætti kennsla að geta hafist í nýja húsnæðinu í seinni hluta janúar.

Gleði og gaman á jólahátíðinni

Viðburðadagskráin í desember er fjölbreytt um allt sveitarfélagið. Reglulegir viðburðir eru í miðbæ Selfoss alla jólahátíðina

og fyrstu þrjár helgarnar á adventunni var sérstakt jólatorg á planinu við Húsið á Eyrarbakka sem hefur tekist vel og verður vonandi hægt að halda áfram með til framtíðar. Tónleika- og skemmtikvöld hafa sennilega aldrei verið fleiri í sveitarfélaginu en einmitt núna. Tónlistarskólar, kórar, uppistandarar og aðrir listamenn keppast við að halda hvern framúrskarandi viðburðinn á fætur öðrum og ættu allir að geta fundið viðburði við hæfi og leyft sér að gleyma jólamstrinu í eins og eina kvöldstund.

Jólagluggarnir eru í gangi frá 1.-24. desember en þá opna ýmis fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu sérstakan jólaglugga sem inniheldur skreytingar og falinn bókstaf sem er hluti af stafagátu sem er skemmtilegur leikur fyrir fjölskylduna. Nánari upplýsingar um leikinn og aðra viðburði í sveitarfélaginu er



hægt að finna inn á heimasíðu Árborgar www.arborg.is.

Mörg önnur verkefni liggja á borði bæjarstjórnar Árborgar en ég held að við ættum að staldra við hér og leyfa okkur að njóta jólahátíðarinnar. Vil óska íbúum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Hlakka til að eiga í áframhaldandi samstarfi við ykkur á nýju ári.

Bragi Bjarnason
Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



Frá upplestrarkvöldi í Bókakaffinu.

Jólabókaupplestur í Bókakaffinu

Jólabókastemningin heldur áfram í Bókakaffinu á Selfossi en í kvöld, 15. desember mæta þar úrvalshöfundar og lesa úr jólabókum. Húsið verður opið kl. 20 og lestur stendur frá 20:30 til 21:30. Einstök jólastemning með kakói og piparkökum.

Þeir sem lesa að þessu sinni eru: Þórarinn Eldjárn með bók sína Tættir þættir. Guðrún Jónína Magnúsdóttir les úr fjölskyldusögunni Álfadal. Stefán

Jón Hafstein er með bókina Heimurinn eins og hann er. Ingi Markússon sem les úr framtíðarsögunni Skuggabrúnni. Óttar Guðmundsson með pistlabókina Það blæðir úr þjóðarsálinni. Og síðast en ekki síst Dagný Dís Jóhannsdóttir sem kynnir bókina Vinátta án landamæra eftir hana sjálfa og Ernu Marsibil Sveinbjarnardóttur.

Allir velkomnir meðan húsnæðið er opið.

Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsaeigendum, viðskiptavinum og öðrum velunnurum nær og fjær hugheilar jóla og nýárskveðjur.

Með kærum þökkum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps



Rangárfing eystra óskar íbúum, starfsmönnum sveitarfélagsins, samstarfsaðilum og öðrum Summlendingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Kærar þakkar fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is





Nemendur Flóaskóla skreyttu safnatrén í ár

Ómissandi hluti af upptakti jólaanna á Byggðasafni Árneseinga er samtarf safnsins og skóla í nærsamfélaginu. Í ár var unnið með nemendum 1.-4. bekkjar í Flóaskóla og er óhætt að segja að samstarfið hafi verið gjöfult.

Ragnhildur, safnvörður, heimsótti hópana í nóvember og afhenti þeim þjár eftirgerðir af jólatré frá Miðengi úr safneign. Við það tilefni var spjallað um jólnin fyrr og nú, og hvað ein-kenndi hátíðina. Það stóð ekki á svörum áhugasamra nemenda og var stundin notaleg, fróðleg og skemmtileg.

Krakkarnir fengu síðan frjalsar hendur og sem betur fer, þau fengu frábærar hugmyndir og höfðu ýmis góð gildi að leiðarljósi eins og endurnýtingu og hringrás hluta. Flóaskóli er Grænfánaskóli og lögðu nemendur mikið upp úr því að búa til skraut úr náttúrulegum efni- við, líkt og gert var í eina tíð. Kennararnir Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, Íris Grétarsdóttir og Unnur Bjarkadóttir stýrðu verkefninu og urðu trén uppspretta ýmissa vangaveltna um ótal margt sem tengist jólum og jólahaldi. Eitt tré var skreytt með jólakúlum sem geymdu samsett jólaorð og minnir hver kúla í raun á gömlu myndadagatölin, þar var efniviðurinn gömul jóla- kort. Annað tré var skreytt með



efnivið sem nemendur höfðu safnað í skógarferð. Það þriðja var síðan helgað eplum og appelsínunum á afar snjallan hátt.

Trén voru síðan sett upp á jólasýningu safnsins og nutu sín vel innan um gömlu jólatrén. Byggðasafn Árneseinga á úrval jólatrjáa, þar á meðal elsta varðveitta spýtu jólatré landsins og aðra sannkallaða gullmola.

Verkefnið „Jólatré í skóla- stofu“ er nú unnið í þriðja sinn en áður hefur safnið fengið til samstarfs við sig nemendur úr Vallaskóla og Menntaskól- anum að Laugarvatni með stór- skemmtilegum afrakstri. Það verður spennandi að sjá hvert trén fara að ári!

Byggðasafn Árneseinga



Jólatónleikar Karlaórs Selfoss í Selfosskirkju

Mánudagskvöldið 19. desember heldur Karlaórs Selfoss sína aðra jólatónleika í ár. Tónleikarnir verða haldnir í Selfosskirkju og byrja kl. 20. Á efnisskrá eru bæði sígild jólalög í bland við nýrri jólalög sem mörg hver eru útsett af stjórnanda kórsins, Skarphéðni Þór Hjartarsyni. Undirleikari kórsins er Jón Bjarnason.

Tónleikarnir kórsins sem haldnir voru í Skálholtsdómkirkju 12. desember sl. tókust einstaklega vel. Húsfyllir var og allir fóru heim í hátíðarskapi.

Ókeypis aðgangur verður á tónleikana í Sel-



fosskirkju og eru allir velkomnir. Posi frá Sjóðn- um góða verður á staðnum fyrir þá sem vilja styrkja gott málefni.

Kveðja á aðventu

Eitt af mínum eftirlætis jóla-
lögum er Hin fyrstu jól,
lag Ingibjargar Þorbergs við
kvæði Kristjáns frá Djúpalæk.
Kannski er ástæðan fyrir dá-
læti mínu á þessu lagi sú að það
færir fæðingu Krists svo nærri
lífi mínu sem stráks í sveitinni.
Lágstemmd lýsing og næstum
hversdagsleg.

Og stjarna skín gegn um skýja-
hjúp
með skærum lýsandi bjarma
og inn í fjárhúsið birtan berst
og barnið réttir út arma
en móðirin sælasti svanni heims
hún sefur með bros um hvarma.

Já, það er ekki laust við það að
maður verði svolítið meyr þegar
líður að jolum. Árið á sínum
síðustu metrum og enn bætist
í hóp barnabarnanna. Það er
margt sem maður má vera þakk-
látur fyrir.

Mikilvægi húsnæðsmála

Verkefnið sem nýtt ráðuneyti
innviða eru viðamikil og mikil-
væg. Samgöngumál, byggðá-
mál, sveitarstjórnarmál, skipu-
lagsmál og húsnæðismál eru öll
á könnu ráðuneytisins og mikill
gangur á öllum sviðum. Hús-
næðismálin hafa verið í brenni-
deplinum síðustu misserin enda
eru þau ekki aðeins gríðarlegt
lífsgæðamál fyrir fjölskyldur
heldur einnig stórt efnahagsmál
sem hefur áhrif langt út fyrir
þenslusvæðin.

Búsetufrelsi

Í vinnu ráðuneytisins höfum
lagt mikla áherslu á búsetu-
frelsi. Í því felst að þjónusta
hins opinbera þarf að vera að-
gengileg öllum, hvar sem þeir
búa á landinu. Hamingja fólks
er ekki síst fólgin í því að það
geti búið sér heimili þar sem það
helst kys. Búsetufrelsi ýtir undir
fjölbreytileika byggðanna.

Lífsgæði og samgöngur

Við sjáum um allt land miklar
framkvæmdir þegar kemur að
samgöngum. Við gerum okkur
líka öll grein fyrir því að sam-
göngur eru lífæð byggðanna
og mikilvæg tenging fyrir fjöl-
skyldur og fyrirtæki. Mér hefur
þótt mikilvægt að líta ekki að-
eins á samgöngur með mæli-



kvæðana í kílómetrum heldur
horfa á þau lífsgæði sem fylgja
betri og öruggari samgöngum.

Tækifæri framtíðarinnar

Við lifum á tímum mikilla breyt-
inga. Síðustu árin hafa breyt-
ingar á loftslagi verið eitt helsta
umræðuefni á sviði stjórnmál-
anna í heiminum. Við hér á Ís-
landi erum svo lánsöm að vera
komin mjög langt þegar kemur
að lausn þessa vanda. Getum
að mörgu leyti verið fyrirmynd
annarra þjóða enda áður búið að
ganga í gegnum orkuskipti með
hitaveituvæðingu landsins og
síðar rafvæðingu.

Við erum líka svo heppin
að hafa mikla reynslu af því að
framleiða græna orku með afli
jarðhita og fallvatna. Loftslags-
breytingar hafa knúið áfram
þróun frá notkun jarðefnaelds-
neytis til annarra orkukosta. Við
verðum að hætta að tala og byrja
að gera. Staða Íslands er ein-
stök að því leyti að við höfum á
næstu árum tækifæri til þess að
verða algjörlega sjálfbær hvað
varðar orku. Við munum ef rétt
er á haldið ná fullkomnu orku-
sjálfstæði. Og orkusjálfstæði
þýðir að við stöndum mun betur
þegar kemur að fæðuöryggi. Því
eins og staðan er í dag þá myndu
ekki líða margar vikur frá því að
síðasta olíusendingin kæmi til
landsins og þangað til við mynd-
um ekki geta framleitt matvæli
vegna skorts á eldsneyti.

Kæri lesandi. Það er gott
að geta á dimmasta tíma ársins
notið samvistu við fjölskyldu
og vini og leitað í bjartar minn-
ingar. Brátt færast helgin yfir og
henni fylgir líka hækkandi sól
og bjartari tímar. Ég óska þér
gleðilegrar hátíðar.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
formaður Framsóknar og
innviðaráðherra

Gleðilega hátíð

Við óskum Sunnlendingum nær og fjær
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða,
starfsfólk og stjórn
Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa
Suðurlands
Visit South Iceland
south.is | sudurland.is | #sudurland

Orka Kraftur Hreinleiki

Hotel Rangá

Gleðilega hátíð

Við óskum sunnlendingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Hannaðu það sjálfur!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum
okkar getur þú t.d. út-
búið **kort**, **dagatöl** og
myndabækur.



Sunnlendingar í jólasþingi

Ingibjörg Rafnsdóttir

Jólin mega koma þegar...

Jólatréið er komið upp, við höfum síðustu ár sett það upp kvöldið eftir að Stekkjastaur kemur. Þá stýttist heldur betur í jólin og eftirvænting er orðin mikil á heimilinu.



**Jólaþakka með rúsinum eða brún lag-
terta?** Brún lagterta allan daginn, ekkert betra en gott kakó og brúnertar eftir góða útiveru.

Uppáhalds jólaminningin mín er? Mér finnst jólin dásamleg þau eru minn uppáhalds árstími! Eftir að strákarnir mínir fæddust finnst mér mjög gaman að skapa okkar eigin hefðir og allt verður svo ótrúlega spennandi og skemmtilegt þegar maður fylgist með þeim.

En ég á ein eftirminnileg jól að ég var lítill. Þabbi minn hafði mjög oft ratleik á síðasta pakkanum þegar við systur vorum yngri. Þetta árið hafði hann keypt fyrstu tölvuna inn á heimilið, þetta var risastór borðtölva fyrir alla í fjölskyldunni, en þetta var stuttu eftir aldamótin. Hann hafði gert ratleik í gegnum alla íbúðina sem endaði svo í kjallaranum þar sem að pakkinn beið okkar. Þetta árið höfðu amma mín og afi sem bjuggu á Austurlandi verið hjá okkur, þau höfðu verið á Kanarí og voru svo hjá okkur yfir aðfangsdagskvöld. Afi var svo þreyttur eftir ferðalagið að hann sofnaði í sófanum eftir matinn og svaf allt kvöldið og missti af öllum þökkunum, ég velti því ennþá fyrir mér hvernig hann svaf í gegnum þennan gleði trylling sem við systur tókum þegar við komumst að því að það væri komin tölva inn á heimilið.

Hvað er á jólaborðinu? Það er klassískur hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi og dásamlegt vegan wellington sem systir mín gerir.

Jólamynd eða jólabók? Jólamynd allan daginn! Ég hef horft á óþarflega mikið af lélegum Hallmark jólamyndum sem er orðið þartur af jólnum núna. Fátt betra í desember en að kveikja á jólamynd og fá sér smá súkkulaði eða einn jólabjör með þegar heimilið er komið í ró. Maðurinn minn er samt orðinn þreyttur á þeirri hefð sem ég hef haldið frá því að ég var unglingur, en það er að horfa á Love actually á Þorláksmessu kvöld. Hann sagði stopp í fyrra en þá hafði það verið ellefta skiptið sem hann hefði horft á hana!

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Skyrógámur! Af því ég elska skyr eins og hann og stundum þá sjást leifar eftir hann eftir að hann kemur til byggða.

Jón Bjarnason

Jólin mega koma þegar... kirkjuklukkurnar hringja inn.

Jólaþakka með rúsinum eða brún lagterta? Brún lagterta.

Uppáhalds jólaminningin mín er... frá



því fyrir tíma „andlitsbókarinnar“ þegar fjölskyldan settist niður á aðfangadagskvöld og opnaði og las jólaþakortin.

Hvað er á jólaborðinu? Rækjupönnukökur að hætti ömmu í forrétt, hamborgarhryggur og meðlæti í aðalrétt og heimatilbúin ís og marengsterta í eftirrétt.

Jólamynd eða jólabók? Home alone.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Kertasníkir, hann gaf alltaf það besta í skóinn hjá mér.

Jana Tomanová

Jólin mega koma þegar... Þegar dimmu dagarnir koma með stjörnum, norðurljósin og jólaþjós.



Jólaþakka með rúsinum eða brún lagterta? Mér finnst rúsinur ekki góðar og ég smakkaði brúna lagtertu í fyrsta skiptið bara fyrir nokkrum dögum. Í Tékklandi eigum við margar gerðir af jólaþakkaðum og þær eru einstaklega tákmynd jólaanna. Hver fjölskylda bakar sínar eigin uppáhalds kökur í ýmsum formum og bragðtegundum. Ég ætla sjálf að baka nokkrar í ár.

Uppáhalds jólaminningin mín er... Síðustu jólin áður en ég flutti til Íslands. Ég eyddi þeim hjá mömmu og fjölskyldu bróður míns á jóladag. Þessi minning hélt mér uppi næstu vetur og jól þegar ég dvaldist í Húsadal í Þórsmörk.

Hvað er á jólaborðinu? Hjá mér er alltaf fiskur og tékkneskt kartöflusalat.

Jólamynd eða jólabók? Ég er hrifin af gömlum tékkneskum ævintýramyndum og hefðbundnu tékknesku myndinni Pelíšky sem er alltaf sýnd á þessum árstíma. Jólabókin í ár er „The 13 Yule Lads of Iceland“ sem ég keypti í síðustu viku. Ég ætla að gera eins og börnin og lesa hana á hverjum degi frá því að fyrsti sveinninn kemur.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Í Tékklandi er enginn jólasveinn, heldur tengjum við hann frekar við bandarískar bíómyndir. Hjá okkur er það „Jesú barnið“ sem færir börnunum gjafir. Eftir að hafa lesið stuttlega um jólasveinana ykkar held ég að Kertasníkir sé sá sem mér lýst best á.

Erla Björg Arnardóttir

Jólin mega koma þegar... Ég hef gengið upp á eitthvað fjall og heilsað sólinni úr öllum áttum á vetrarsólstöðum.. sama hvernig veðrið er



Jólaþakka með rúsinum eða brún lagterta? Lagterta með kaldri mjólk

Uppáhalds jólaminningin mín er... Þegar jólaþakortin innan sveitarinnar voru í kassa úti búð og fólk hittist við kassan og spjallaði á meðan að fólk leitaði að sínum

kortum. Stundum fundust kort þeirra sem spjallað var við og þá var þeim deilt út. Hjá Sollu á Grund voru stundum mandarínur eða piparkökur við kassana og þá var gríðarlega gaman og spjallið teygðist enn meira.

Hvað er á jólaborðinu? Það fer eftir því hvort að það er bara fjölskyldan eða vinir sem maður hefur eignast frá öðrum löndum. Þá koma þau með þann mat sem tíðkast um jól í þeirra heimalandi svo er hamborgarhryggurinn okkar og kótelettur sem fylgja foreldrum mínum.

Jólamynd eða jólabók? Bæði betra. Engin jól án bókar og konfektakassa og svo jólamynd á jóladagsmorgun.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Bara sá sem ég hitti síðast upp á Bláfellshálsi í keyrslunni upp á jökul.

Ívar Sæland

Jólin mega koma þegar... Þegar skatan er komin í magann minn.



Jólaþakka með rúsinum eða brún lagterta? Brún lagterta að hætti mömmu

Uppáhalds jólaminningin mín er? Fyrstu jólin með dóttur okkar henni Herdísi Áþenu.

Hvað er á jólaborðinu? Alinn upp við hamborgarahrygg en núna er margt prófað.

Jólamynd eða jólabók? Jólamynd (sérstaklega Klaus á Netflix).

Uppáhalds jólasveinninn minn er? Ketkrókur.

Guðmundur Karl Sigurdórsson

Jólin mega koma þegar... klukkan slær sex á aðfangadag og útvarpsþulurinn segir „Útvarp Reykjavíks, gleðileg jól“. Reyndar hellist andinn yfirleitt ekki yfir mig fyrr en að kvöldi aðfangadags, þegar búið er að opna pakkana og allir eru orðnir slakir. Jafnvel yfir einni skál af ís.



Jólaþakka með rúsinum eða brún lagterta? Ninna amma bakaði bestu jólaþakkaðum og ég hef ekki fundið neinn jólaþakkaðum sem kemst með tærnar þar sem hún hafði hælana. Þannig að í seinni tíð má segja að ég hafi snúið baki við jólaþakkaðum og borða nú eingöngu brúna lagtertu. Nánast í öll mál.

Uppáhalds jólaminningin mín er? Einhverra hluta vegna á ég óljósa minningu um að Skyrógámur hafi heimsótt mig á aðfangadag. Það virðist hins vegar ekki vera í fersku minni annarra í fjölskyldunni, þannig að mögulega er ég að segja ósatt. Ég á líka góðar minningar um skemmtileg jólaþakkaðum á Flúðum og einhvern tímann þurftum við mamma að fá far með nágranna okkar, Guðjóni frá

Hrepphólum, á vörubílum hans niður á Selfoss. Ég man eftir að hafa setið úti í glugga á bílnum þegar ekið var yfir Örmjóla brúna á Stóru-Laxá í vondu verðri og horft niður í hylðýpið. Þegar ég hugsa um þetta núna þá er þetta sennilega hræðilegasta jólaminningin.

Hvað er á jólaborðinu? Það hefur nú verið ýmislegt í gegnum tíðina en síðustu árin höfum við verið með hamborgarhrygg og hnetusteik. Já, og auðvitað ananas. Meðlætið er reyndar fjölbreytt en ég legg líka mikið upp úr því að vera með sérstaka jólaþakkaðum sem er samsett af malti, appelsíni og kókakóla. Uppskriftin hefur varðveist í fjölskyldu minni um aldir, en ég er sá eini sem kann hana í dag.

Jólamynd eða jólabók? Hér áður fyrr þá fékk ég alltaf bók í jólagjöf. Það gerist því miður sárásjaldan núna. En jólamyndirnar eru fastur liður á adventunni og um jólin. Það er bara þetta dæmigerða; Home Alone, Die Hard, Love Actually, Elf og Christmas Vacation. Ef það væru brandajól þá myndi ég líka hafa tíma til að horfa á Lord of the Rings og Harry Potter.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Þetta er áleitinn spurning og ekki auðvelt fyrir mig að svara henni. Alla tíð hefur Skyrógámur verið minn maður en ég starfaði náð með Þvörusleiki um nokkurra ára skeið, þannig að mér þykir óskaplega vænt um hann líka. Þeir eru báðir algjörir toppmenn.

Daníel E. Arnarsson

Jólin mega koma þegar... snjórin fellur, glöggð komið í glasið og hægt að hita sér við eldinn



Jólaþakka með rúsinum eða brún lagterta? Brún lagterta

Uppáhalds jólaminningin mín er? Þær eru svo margar! Að elda með mömmu og pabba er alltaf skemmtilegast.

Hvað er á jólaborðinu? Léttrektur lambahryggur er bestur og svo eru karamellukartöflur þær allra mikilvægasta, ekki brúnaðar kartöflur heldur karamellu.

Jólamynd eða jólabók? Ég horfi alltaf á Millenium þrileikinn um jólin, þær eru alls ekki jólalegar en eru orðnar það. Ég les þó aldrei sömu bókina um jólin heldur það sem kemur upp úr þökkunum hverju sinni.

Uppáhalds jólasveinninn minn er? Á engan uppáhalds jólasvein heldur er jólaþakkaðum mitt uppáhald.



Miðbær Selfoss stappaður þegar jólasveinarnir mættu niður af Ingólfsfjalli

Að Selfossið komu jólasveinarnir úr Ingólfsfjalli til byggða eftir tveggja ára veiruhlé. Það var vel tekið á móti þeim þegar þeir komu yfir brúna á 69 ára gömlum Dodge Weapon frá Guðmundi Tyrfingssyni þar sem fjöldi fólks hópaðist um sveinana og bar mannhafið þá inn í miðbæ Selfoss þar sem Jón Jónsson lék jólalög fyrir gesti og gangandi. Bræðurnir þrettán komu sér síðan fyrir á svölunum milli Miðbars og Konungskaffis undir eftirliti for-eldra sinna, Grýlu og Leppalúða, áður en þeir hófu upp raust sína eins og þeim einum er lagið.



Jóla

myndagáta

Dagskrárinnar

Lausnir berist í síðasta lagi
mánudaginn 2. janúar 2022, merktar:


Jóla-myndagáta
Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss

Veitt verða ein verðlaun fyrir rétta lausn:
Ísveisla frá Kjörís, þ.e. konfektísterta,
4 lítra mjúkis og 2 pk. íspinnar.

Nöfn vinningshafa verða birt í
Dagskránni 5. janúar 2023 og þá
um leið lausn myndagátunnar.

Ath! Gerður er greinarmunur á
breiðum og grönnum sérhljóðum.

Höfundur myndagátunnar er
Eygló Gränz, eins og undanfarin 26 ár.




Skrifið lausn gátunnar hér:

Jólamarkaður & upplestur
á Brimrót
17.-18. des.
Kl. 14-18

á Brimrót eins og áður segir á Stokkseyri, Hafnargötu 1 og allir eru hjartanlega velkomnir.

Jóla barnamyndagáta
Dagskrárinna

[illegible]

Sunnlenskt jólagóðgæti

Jólin eru að miklu leyti tengd ljúfum samverustundum og oftast en ekki fylgja þessum ljúfu stundum óvenju mikið af bragðgóðum mat. Sumum þykir gaman að prófa sig áfram í eldhúsinu, á meðan öðrum finnst best að halda í gamlar hefðir og fletta í uppskriftabókum fjölskyldnanna, séu klassisku uppskriftirnar á annað borð til á blaði. Í aðdraganda jólaanna höfðum við samband við nokkra rómaða matarunnendur á Suðurlandi og fengum hjá þeim þeirra jólalegustu uppskriftir til að deila með lesendum sem munu án efa slá í gegn á veisluborðum Sunnlendinga.

Ölverk Pizza og Brugghús

Frá opnun Ölverk Pizza og brugghúss í Hveragerði vorið 2017 hafa tilraunir þeirra oft reynt verulega á þolrif þeirra gesta sem kjósa hefðbundari framsetningu og samsetningu hinna ýmsu hráefna á sínum pizzum en þær sem Ölverk kynnir reglulega til leiks þar sem hráefni eins og sviðahausar, kiwi, lakkrís og ferskjur, nú eða tvíreykt hangikjöt hafa komið við sögu og í kjölfarið hlotið umtal út fyrir landsteinana.

Í tilefni aukins fjölbreytileika og frjálsglegrar hefða í tengslum við hátíðahöld og matargerð og þá staðreynd að hugmyndafluginu séu í æ minna mæli settar skorður, leitaði Dagskráin til hins geðþekka og framúrsteftnulega pítsugerðarmeistarar og eiganda Ölverk, Elvars Þrastarsonar, í leit að ferskum og nýjum hugmyndum að hátíðarréttum.

Til þess að ná fram hinni fullkomnu jólastemningu mælir Elvar með því að hlusta á eftirfarandi jólalög á meðan matseld stendur: *Jólaþveðja* með Prins Póló, *Nú mega jólin koma fyrir mér* með Sigurði Guðmundssyni og *Mér hlakkar svo til* með Dáðadrenjum.



Jólahjól-snitta Ölverk

Hérna er ferðinni jólahjól-pizza Ölverk, sem hefur verið á desembermatseðlinum okkar frá desember 2017, en fyrir þetta jólablað þá setti ég þessa margrómuðu jólapizzu fram sem jólasnitta.

Það sem þarf er fínt snittubrauð, klettsalat, tvíreykt hangikjöt (þunnt skorið), rauðkál, rósapípar dressing og rifinn Feykir.

Rósapípar dressing

200 gr. majónes
50 gr. sýrður rjómi
4 gr. rósapípar
12 gr. heitt vatn
4 gr. piparrót

Myljið rósapíparinn fínt í morteli. Næst er heitu vatni hellt saman við rósapípar-

inn. Í annari skál skal hræra saman majónesi, sýrðum rjóma, rifinni piparrót og smá pípar en næst er svo vatns-rósapíparblöndunni hellt ofan í skálina og hrærd saman við majónes blönduna. Gott er að leyfa sósunni að bíða í 1 klst áður en hún er notuð.

Samsetning Jólahjól-snittu Ölverk:

Skerið snittubrauðið í þunnar sneiðar. Til þess að fá smálit og áferð á snittusneiðarna skal setja þær stuttleg undir grillið í bakaraofninum til að fá smá lit og áferð á þær.

Leggið klettsalatið ofan á snittuna og næst rauðkálið. Svo tvíreyktu hangikjöti sneiðarnar eru lagðar yfir rauðkálið og rósapípar sósunni skvettu yfir allt og loks Feykir rifinn yfir snittuna.

Gilla-jólasnitta Ölverk

Þessi ljúffenga Gilla-jólasnitta kom til mín í draumi en ég trúir því að það sé hægt að að gera allan mat betri annað hvort með gráðosti eða chilli pípar en svo vill til að Gilla-jólasnattan hefur bæði.

Það sem þarf fyrir þessa snittu er fínt snittubrauð, gráðostur, Gilli Eldtúngu sósá, dökkt 70% súkkulaði og piparkökur

Gráðosta blanda

240 gr. gráðostur
75 gr. Gilla-sósá

Myljið gráðostinn með fingrunum ofan í skál, hellið Gilla sósunni yfir gráðostinn og leyfið blöndunni aðeins að taka sig. Gráðosturdrekkur sósuna aðeins í sig og mildar chili hitann.

Samsetning Gilla-snittunar

Gráðosta blandan er smurð á snittubrauðið. 70% súkkulaði rífið eða skorið grófið sett ofan á gráðostablönduna. Næst er piparköku broti komið fyrir á snitunni en piparkakan er bæði hugsuð sem skraut og bragðbætir.



Silfra á Nesjavöllum

Silfra veitingastaður á hinu ævintýrlega ION Adventure Hótelu á Nesjavöllum opnaði, ásamt hótelinu árið 2012 og hefur verið í stanslausri þróun síðan. Snædís Xyza Mae Ocampo, ólympíufari og fyrrum fyrirlíði kokkalandslíðsins tók við stöðu yfirkokks á Silfru fyrir rúmu ári síðan og deilir hér með okkur ómótstæðilegri Massarínuköku sem er að finna á jólamatseðlinum á hótelinu.

Snædís mælir með því að setja Jólahjól með Sniglabandinu, Dansaðu vindur með Eyvör Pálsdóttur og Ég hlakka svo til með Svölu Björgvins á fóninn til þess að koma sér í hátíðarskap á meðan massarínun verður til!

Massarínukaka með bláberjum og mysingskaramellu

250 g kransamassi (marsipan)
250 g sykur
250 g smjör
250 g egg
125 g hveiti
250 g bláber (mega vera frosin)
100 g möndluflögur

Blandað saman í hrærivél í sömu röð og uppskriftin.

Deiginu er hellt í form, gott er að nota silikon hringform en það er líka hægt að nota venjulegt kökuform.



Bláberjum dreift yfir deigið og nóg af möndluflögum.
Bakað á 150°C í 20-25 mín.

Mysingskaramella

150 g Mysingur
150 g púðursykur
150 g rjómi

Allt sett í pott og hrært í upp að suðu eða þar til að sykurinn er uppleystur.

Kakan er góð bæði heit og köld og frábær með heimagerðum vanilluís.

Hægt er að geyma kökuna og hita upp þegar gesti ber að garði en þá er gott að hita karamelluna og bera hana þannig fram. Einnig er hægt að hafa bæði karamelluna og kökuna kalda, sprauta kaldri karamellunni og dreifa flórsykri yfir kökuna áður en hún er borin fram.

100+
uppskriftir

Einfalt og
fljótlegt

Fjölbreytt
og girnilegt



Inni á DFS.is getur þú fundið fjöldann allan af girnilegum uppskriftum

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Messinn

Messinn, sjávarréttarstaður sem opnaði á Selfossi fyrir á árinu, veldur því gjarnan að miðbæjargestir fá vatn í munninn þegar þeir ganga um miðbæ Selfoss og finna angan af fersku góðgæti sem mallar á pönnum staðarins. Hvergerðingurinn Bjarni Haukur Guðnason, yfirkokkur á Messanum á Selfossi færir lesendum gírnilegar uppskriftir af Lúðu með villisveppasósu og Crème Brulée Messans, en báðir réttirnir prýða matseðil staðarins.

Bjarni mælir með því að Jólaféital-bollan með Morðingjunum, Ef ég nenni með Helga Björns og Kósíheit þar exel-ans með Baggalút séu sett á fóninn til að fá fram réttu jólastemningunni við elda-mennskuna.

Lúða með villisveppasósu

fyrir 4

Villisveppasósa

- 2 stk laukur
- 2 msk. repjuolía
- 50 ml Eplaedik
- 2 msk koníak, aukalega eftir smekk
- 1 msk Pastis, má nota 1 stk. anisstjörnu í staðinn, bara muna að veiða hana upp úr
- 200 g blandaðir sveppir - bestir ferskir en má vel nota frosna eða ca. 40 g þurrkaða sveppi. Myrkilsveppir eru dýrir en lyfta réttinum gríðarlega upp
- 500 ml. rjómi
- Salt og pipar
- 15 g. ferskt sítrónu timian

Skrælið laukinn og sneiðið hann fínt niður. Hitið víðan pott eða háa pönnu og setjið olíuna út í, brúnið laukinn létt í olíunni. Hellið eplaedikinu út í laukinn og sjóðið niður á vægum hita þar til það þykkar og karamellast saman við laukinn. Bætið þá koníakinu og pastisinu út í og fáðið aftur upp suðu. Bætið þá næst



sveppunum saman við, munið að leggja þurrkaða sveppi í bleyti og skola af þeim allan sand sem kann að leynast í þeim. Þegar suðan kemur aftur upp er gott að mauka sveppina og laukinn með töfrasprota. Hellið þá rjómanum út í, þegar suðan kemur upp skal krydda til eftir smekk með salti og pipar. Að lokum setjið þið timianið út í og setjið lok á pottinn og takið af hita. Látið pottinn standa með lokið á í c.a. klukkustund áður en timianið er veitt upp úr. Hitið sósuna aftur og njótið með lúðunni.

Lúðan sjálf

- 800 g Lúða – best skorin í 100 g steikur eða bita. Lítill lúða er best steikt á roðinu, en betra er að roðrífa stærri flök, skera þau þvert og steikja á sárinu.
- repjuolía
- smjör – kalt og skorið í teninga
- salt – fín malað sjávarsalt er best

Hitið pönnu, best er að nota vel „seasonaða“ koparpönnu, pottjárns eða stálpönnu þar sem eldað er við talsverðan hita. Þegar

pannan er orðin vel heit skal setja olíu á pönnuna þannig að hún hylji botninn, það þarf líklega að steikja 8 steikur í tveimur til þremur hollum. Leggið steikurnar á pönnuna og kryddið rausnarlega með salti. Þegar að steikurnar byrja að brúnast skulið þið setja smjörteninga í kringum hverja steik. Leyfið smjörinu að brúnast og freiða, setjið meira smjör þegar að froðan byrjar að falla. Þegar að steikin er orðin brún á annari hliðinni, 2-4 mín, skulið þið snúa henni og halda áfram að steikja í smjörinu þar til lúðan er elduð 90%. Gott að miða við að geta stungið grilltein í gegnum hana án þess að það sé mótstaða í fiskinum. Takið af pönnunni eða bætið við smælki kartöflum og steiktum ostrusveppum á pönnuna og njótið eins og hjá okkur á Messanum á Selfossi.

Crème Brulée Messans

- 1 lítri rjómi
- 150 g sykur
- 2 stk. vanillustangir – Bourbon
- 10 stk. eggjarauður – ca. 200g
- 1 msk. Saltkaramellusósa

Blandið saman sykrinum, vanillunni og helmingnum af rjómanum og sjóðið upp á. Eggjarauðurnar og karamelluna í skál og blandið vel saman. Takið rjómann af hita og hellið hinum helmingnum saman við hann. Hellið svo rjómanum hratt saman við eggjarauðurnar og hrærið stanslaust þangað til blandan er samfelld, þykk og rjómakennd. Því næst er blandan færð yfir í eldföst mót, best er að hafa mótin u.þ.b. 100 ml að stærð til að fá jafna eldun. Því næst eru formin sett í vatnsbað og hulin með álpappír. Bakið Brullee-ið í ofni við c.a. 100°C í 20-30 mín þar til að þau hafa sest, ef þið hristið formið á búðingurinn ekki að hristast. Kælið því næst búðinginn. Berið fram

með því að strá hráskykri yfir hann og brúna (brullé-a) hann með gasbrennara.

Mulningur

- 100 g púðursykur
- 100 g hveiti
- 100 g hafrar
- 100 g lint smjör
- hnífsoddur salt

Blandið öllu saman í stórrí skál með höndunum, mjög mikilvægt að þetta sé gert með höndunum þannig að þið séuð smá skítug. Annars má blanda þessu saman mjög rólega í hrærivél líka. Þegar blandan er orðin einsleit er hún kæld í c.a. 1 klst. Myljið hana á ofnplötu og bakið á 160°C í ca. 15 mín eða þar til hún er gullinbrún. Það er mjög freistandi að smakka um leið og þið takið mulninginn úr ofninum en þetta er 160°C heitt smjör og sykur þannig að leyfið mulningnum að kólna fyrst. Hrærið reglulega í honum með sleif þá er auðveldara að mylja áður en hann er borinn fram.

Best er að bera fram Crème Brulée með uppáhaldsísnum ykkar, okkar er Passion-kókos ísinn frá skúbb sem situr svo vel á mulningnum og ferskum berjum.



Nemendur úr Flóaskóla

Síðast en alls ekki síst kemur uppskrift sem var ein af þremur framlögum Flóaskóla í Eftirréttakeppni grunnskólanna en þær Ásdís Eva Magnúsdóttir, Júlía Kolka Martinsdóttir, Svandís Aitken Sævarsdóttir og Þórunn Eva Ingvarsdóttir, nemendur í 10. bekk Flóaskóla, gerðu sér lítið fyrir og sigruðu keppnina nú í nóvembermánuði undir handleiðslu Iðunnar Ýrar Ásgeirsdóttur heimilisfræðikennara. Hvort það hafi verið kartöflurnar úr Flóanum sem gerðu gæfumuninn þegar kom að því að heilla dómnefndina fáum við aldrei að vita en þær hljóta að hafa haft sitt að segja.

Til að fanga jólaandann við baksturinn



á þessari gírnilegu og frumlegu Kartöflukanilköku vilja Ásdís, Júlía, Svandís og Þórunn mæla með því að bakarar dilli sér við All I want for christmas is you með Mariah Carey, Snjókor falli með Ladda, Snowman með Sia, Nú mega jólin koma fyrir mér með Memfismafiunni og Sigurði Guðmundssyni og tónlistinni úr fyrstu Home alone myndinni.

Kartöflukanilkaka með rjómaostakremi

- 4 egg
- 100 g sykur
- 100 g púðursykur
- 1 tsk vanilla
- 300 g rifnar hráar kartöflur (rauðar ís-lenskar og gjarnan úr Flóanum)
- 240 g hveiti
- 2 tsk matarsóði
- ½ tsk salt
- ½ msk kanill
- ½ msk brúnkökukrydd
- 2 ½ dl matarolíu

Rjómaostakrem

- 400g rjómaostur
- ½ dós sýrður rjómi
- 80 g flórsykur
- 1 tsk. vanillusykur



Þeytið saman egg, sykur, púðursykur og vanilludropa í hrærivél þar til blandan verður létt og ljós. Rífið kartöflurnar og blandið saman við, sigtið saman hveiti, matarsóða, salt, kanil, brúnkökukrydd og látið úti ásamt matarolíu. Bakað í 2 smurðum formum við 175° í ½ klst.

Krem

Hrærið rjómaostinn í hrærivél þar til hann er mjúkur og sléttur. Hrærið sýrðan rjóma úti ásamt flórsykri og vanillusykri.

Hrærið þar til kremið verður létt. Setjið kremið á milli botnana og ofan á kökuna, eða berið fram með kökunni.

Þessi kaka er mjög mjúk og er góð í viku frá því hún er gerð. Gott er að hafa ýmist hindber, jarðarber, bláber, kókosflögur eða ristaðar hnetuflögur ofan á henni.

-Brennið þið vitar- Elfars Guðna Þórðarsonar 20 ára

Sögu- og menningarstund var Sölgardaginn 12. nóvember 2022 í - Svartakletti - Elfars Guðna Þórðarsonar, listmálara, í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri.

Tílefni þessa var að þann 12. október 2022 voru liðin 20 ár frá því listaverkið glæsilega - Brennið þið vitar - eftir Elfar Guðna var afhjúpað; á stórkostlegri -rúmlega 600 manna- hátíðarsamkomu á afmælisdegi Páls Ísólfssonar þann 12. október árið 2002 - í Lista- og menningarsal - Menningarverstöðvarinnar.

Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi, undir verkstjórn, Björns Inga Bjarnasonar - forseta félagsins - hefur tekið saman 150 síðna - myndrit - um tilurð Menningarverstöðvarinnar og listaverksins -Brennið þið vitar -

Það var síðan - heiðursforseti - Hrútavinafélagsins Örvars, Guðni Ágústsson - sem afhenti Elfari Guðna Þórðarsyni myndritið og verður ritið til sýnis og uppvakningar góðra minninga í - Svartakletti - Elfars Guðna á opnunartímum þar.

Menningarverstöð verður til

Hraðfrystihús Stokkseyrar var endurbyggt og stækkað verulega eftir mikinn bruna þann 30. maí 1979. Reisugildi hins nýja endurbyggða húss var þann 12. október 1979 á 50 ára afmæli byggingameistara hússins Sigurjóns Jónssonar sem lést þann 25. september 2017. Mikil og kröftug vinnsla og útgerð var á vegum Hraðfrystihúss Stokkseyrar í nýja húsnæðinu allt fram undir síðustu aldamót. Vegna breytinga í sjávarútvegi; kvótakerfis og sameininga fyrirtækja var svo komið að rétt fyrir síðustu aldamót var engin vinnsla í húsinu í nokkur ár. Það var svo þann 6. júní 1999 að Fiskvinnslan Hólmaröst hóf strafsemi í hinu fyrrum Hraðfrystihúsi Stokkseyrar og var með öfluga og tæknivædda saltfiskvinnslu allt til ársins 2006. Eigendur Hólmarastar voru Björn Ingi Bjarnason og Einar Sveinn Einarsson sem höfðu verið með fiskvinnslu um árabíl í Reykjavík.

Fljótlega fóru þeir að hugleiða frekari nýtingu á því mikla hús-



næði sem þarna var til staðar á Stokkseyri og strax var horft til; sögu- mannlífs- og menningarfleidarinnar á svæðinu. Byrjað var að framkvæma breytingar á húsnæðinu til þess að gera það aðgengilegt fyrir þessa nýju notkun sem Sigurður Jónsson, fréttaritari Morgunblaðsins, sagði í umfjöllun í blaðinu að væri „ný hugsun“ og gæti breytt miklu til hins betra. Í þessu umröti breytinga sem margir heimanenn lögðu hönd að með eigendum varð til Menningarverstöðin Hólmaröst í hinu fyrrum Hraðfrystihúsi Stokkseyrar.

Nafnið -Menningarverstöð- varð til á ritstjórn blaðsins Gluggans á Selfossi sem gefið var út á þessum árum. Nafnið eiga þær; Þóra Þórarinsdóttir, Soffía Sigurðardóttir og Þórdís Jónsdóttir sem allar unnu á ritstjórn Gluggans.

Brennið þið vitar

Fyrstur til landnáms í hinu nýja athafnaumhverfi í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri var listmálari Elfar Guðni Þórðarson sem um árabíl hafði málað á vinnustofu sinni í Götuhúsum og haldið sýningar árvissit um hvítasunnuna í Félagsheimilinu Gimli á Stokkseyri. Elfar Guðni kom sér vel fyrir í Menningarverstöðinni með rúm-góðri vinnustofu og glæsilegum sýningarsal. Þarna hefur Elfar Guðni starfað og dafnað enn frekar í listsköpun sinni allt frá því 2001 til þessa dags. Hann gaf sínu svæði nafnið -Svartaklettur- og er það sótt í fjöruna rétt vestan við Stokkseyrarbryggju.

Hluti af innkomu Elfars Guðna í Menningarverstöðina

árið 2001 var að mála 30 fermetra Íslandsmynd fyrir Björn Inga og Einar Svein þar sem allir helstu vitar landsins voru settir á ströndina með tölvustýrðum ljósabúnaði. Síðan var lag Páls Ísólfssonar (f. 12. október 1893 - d. 23. nóvember 1974) við ljóð Davíðs Stefánssonar (f. 21. janúar 1895 - d. 1. mars 1964) -Brennið þið vitar- í flutningi karlakórs leikið undir meðan ljós á öllum vitum landsins komu inn á rúmum fjórum mínútu með nákvæmri tölvustýringu.

Margir komu að gerð þessa listaverks Elfars Guðna með einum eða öðrum hætti. Það var síðan afhjúpað og vígt á afmælisdegi Páls Ísólfssonar þann 12. október 2002 og voru rúmlega 600 manns í Menningarsalnum í Menningarverstöðinni Hólmaröst er Karalakórinn Þrestir í Hafnarfirði fluttu lagið -Brennið þið vitar- og ljós komu á alla vitana á listaverkinu í fyrsta sinn. Þrestir eru elsti karlakór landsins en hann stofnaði Friðrik Bjarnason tónskáld frá Stokkseyri sem lengi bjó í Hafnarfirði og var þar heiðursborgari. Gríðarleg gleði viðstaddir var þarna þann 12. október 2002 og sögðu margir að þarna hefðu hughrif hrifningarinnar náð hástigi í gæðahúð allra hátíðargesta. Í ljós kom þarna að hljómburður í salnum var sérlega góður og kom tónlistarfólki verulega á óvart.

Þetta er rífað upp nú því rétt 20 ár eru frá þessari efirminnilegu samkomu.

Þá er öllum ljós hið mikilvæga og margþætta sögu- mannlífs- og menningarstarf sem verið hefur í Menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri frá þessum tíma til dagsins í dag og verður ekki rakið hér að þessu sinni. Geta má þess að samkvæmt teljara sem er í Menningarverstöðinni komu þangað 37.000 manns á fyrsta heila opna árinu 2003.

Hér í opnunni eru myndir sem tengjast þessu upphafi þann 12. október 2002 og afmælisamkomunni nú þann 12. nóvember 2022.

Björn Ingi Bjarnason, forseti Hrútavinafélagsins og Guðni Ágústsson, heiðursforseti Hrútavinafélagsins.

Orðaleikur 2

Þýsna oft ber fyrir augu skríttin og skemmtileg íslensk orð, sum eru gömul jafnvel forn, en önnur teljast jafnvel til nýyrða. Flest eiga þau það þó sameiginlegt að þau verða stöðugt fáséðari og einna helst að þau dúkki upp í rituðu máli, en afar sjaldan í daglegu töluðu máli. Mörg þessara orða hafa jafnvel breytt þeirri meiningu sem þeim var upphaflega ætluð. Sjálfum finnst mér skemmtilegt að leika mér með þessi orð og reyna að setja þau í samhengi þannig að þau falli að myndun setninga. Ég læt hér fylgja sýnishorn að því sem leitt getur af þessu gamni mínu.

Í dag 1. desember að morgni fullveldisdagins þegar ég hef nuddað stýrnar úr augunum og litið út um gluggann er jörð svört og auð, ekki endilega eins og eiga má von á um miðjan vetur, en þannig er hið ófyrirsegð tíða far á Fróni um þessar mundir. Ég þekki mann sem kvartar þó hástöfum yfir skorti á hráefni himinsins í formi snævar, hann hefur það sem drjúgar aukatekjur að hreinsa snjó af heiðum landsins til þess að greiða fyrir umferð. Í sjálfu sér er ekki yfir neinu að kvarta hvað veðurfarið varðar, hitastig miðað við árstíma er hátt, en það læðist þó að mér sú hugsun að eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá þeim himnafeðgum í frænnisliðslögnum á himnum fram að þessu því vatnsföndur frá sumri og hausti virðist engan endi ætla að taka. Væturennislið hefur þó ekki komið í veg fyrir að fólk bregðist sér af bæ ýmist vel búið gangandi eða minna klætt akandi í ýmisskonar erindagjörðum eða bara í erindisleysu. Þeir eljusömu sem eiga erindi hafa vonandi borð fyrir báru til að líta við í þeim urmúl sölubúða og geðgleðistaða sem bjóða uppá munngát af ýmsu tagi þar sem allir ættu að fá eitthvað sem kitlar þeirra bragðlauka, en sýna ber þó aðgát í höndli og innbyrðingu á þeim fjölbreyttu guðaveigum sem uppá er boðið. Ugglaut falla þó einhverjir drabbarar í freistni, en aðrir malda í móinn þegar sumir vilja kneypa fagnarfull, en aðrir vilja það síður. Þeir aðgætnu ráða þeim einarölega um heilt og brýna þá til að taka þann kostinn sem vænlegri er og gæta fyllsta höfs því á langri leið leynast ýmsar hættur fyrir bæði gangandi og akandi útkýlda nautnasaggi og vei sé þeim sem vanni veldur. Það er engin bábilja að ætla að þegar að húmar að kveldi kunni að leynast einhverjir bévítans ódámur fúsir til ryskinga, snoppungaskipta og með því valda usla meðal friðsamra vegfarenda. Áhugamál fólks eru þó misjöfn og því liggja leiðir ekki allar í sömu átt, sumir fara hingað, en aðrir þangað og á leiðinni verða ýmsir freistandi staðir sem krefjast viðkomu, mislangra þó eftir stöðum og e.t.v. kyni ferða-



langa, en fjölbreytnin er svo auðug að það er eitthvað fyrir alla. Þegar komið er svo nærri jólum er það afri einstaklingsbundið hversu mikið fagnaðarhátíð friðar, frelsunar og ljóss snertir við þeim. Fyrir suma er verslanaráp raun og pína, en þeir reyna þó eftir bestu getu að ganga ekki af göflunum þó þeir árangurslaust geri veikburða tilraunir til að malda í móinn. Þeir láta teymast hnýpnir og án þess að ibba gogg að neinu ráði um götur og torg í svölu skammdeginu örlítið gramir, en ekki nema að litlu leiti hvumpnir vitandi hvað til þeirra friðar heyrir og reyna að taka upp léttara spjall. Það er þó erfitt annað en að upplifa skaplétti þegar komið er frá skammri heimsókn í höfuðstaðinn Reykjavík að brúnni yfir Ölfusá uppljómaðri af jóla-ljósum og enn bætist um betur þegar glæsilegi uppljómaði nýji miðbærinn okkar Selfossbúa blasir við í jóla-ljósaðyrð. Í bænum sjálfum blasir síðan við nánast hvert sem litið er, fagurlega skreytt hús íbúða og atvinnustarfsemi af fjölbreyttri gerð. Uppákomur af ýmsu tagi standa áhugasömum til boða svo sem: tónlistaratriði af nánast öllum gerðum, upplestur góðra bóka og hátíðarveislur með svignandi borðum af ómótstæðilegum krásam. Jólásveinar fara um byggðir og ból og gleða jafnt unga sem gamla, hali og sprund. Sveinarnir þeir koma rauðklæddir og rauðnefjaðir hálf luralægir til bæja eftir langa dvöl til fjalla þaðan sem heimkynni þeirra munu vera, en þar hafa þeir dvalið norpandi og þar sem vatn seytlar niður veggvið fremur illan kost og orðið að sýna aðgát svo ekki hnýsnir umfarendur komi á þá auga að ófyrirsynju. Þeir eru þó svo lán-samir að búa í eigin húsnæði, en eru ekki uppá gráðug okrandi leigufélög komnir. Með bjartara verðri sem framundan er skín síðan um kvöld gráglettinn merlandi máni á vaska vegfarendur sem með hýrri há halda einarðir áfram í leit að frekari: upplýftingu, geðkæti og eða hagstæðum innkaupum til jóla. Gleðileg jól.

*Ómar Frjánsson
Selfossi*



Jólahugvekja

Sögur

Þegar ég var í Vallaskóla á Selfossi sem barn og unglingur var oft fjör í frímínútum, jafnvel eftir að við fengum að vera inni á unglingastiginu eða þegar það féllu niður tímar gátum við oft ekki setið á okkur og hömuðumst oft á göngunum þótt það væri að sjálfsögðu bannað. Þá rekur mig minni til eins skólaliðans, Helgu R. Einarsdóttur, það var sennilega eina konan þarna sem virkilega gat fengið okkur til þess að setjast á gólfíð og hafa dauða þögn. Hún Helga er og var mikil saga kona og þegar hún mætti á staðinn þá sagði hún okkur iðulega sögur úr sinni æsku sem voru margar hverjar spennandi og skemmtilegar. Þó að ég muni ekki sögurnar man ég samt svo vel að þær hrifu okkur með sér aftur í tímann og á stað og stund. Það er kannski þess vegna sem Helgu tókst svo vel að fá okkur til þess að hafa hljóð.

En hvað er saga? Svo lengi sem mannkynið hefur verið til hafa verið sagðar sögur. Saga er röð atburða sem tengjast saman og eru sögur sagðar með orðum, töluðu máli eða skrifuðu, með myndum, líkamstjáningu, framkomu, tónlist eða hverju öðru tjáningarformi sem er. Saga getur verið sönn eða ímynduð og um hvað sem er. Það eru til sögur um allt á öllum tímum, fortíð, nútíð og framtíð. Alltaf þegar þú segir einhverjum frá atburði eða röð atburða ertu að segja sögu. Þar af leiðandi hafa sögur virkilega mikla þýðingu fyrir menningu og gætu jafnvel verið það mikilvægasta í lífum okkar.

Sögur eru grunnurinn af sköpunarkrafti og eru í raun hluti af öllu því sem við gerum, sérstaklega þegar kemur að skemmtun, upptökum eða frásögnum af því sem er liðið. Þess vegna eru sagðar sögur í hinum ýmsu formum, frá munnlegum sögum til skrifaðra eða í fréttamennsku. Til sjónvarps, kvikmynda og útvarps, listaverka, sviðslista, tónlistar og jafnvel samfélagsmiðla.

Í hvaða formi sem er finnast sögur í öllum menningarheimum, samfélögum, þjóðernum, trúarbrögðum og frá öllum tímum á öllum tungumálum.

Sögur virðast hafa ótrúleg áhrif á okkur, þegar við hlustum á eða verðum vitni að sögu í hvaða formi sem er getur hún hreyft við okkar innstu hjartans strengjum. Þær kveikja hjá okkur samúð og samkennd, þær efla okkur eða letja okkur, veita okkur von eða vonleysi, þær geta komið ímyndunaraflinu á flug, tekið okkur frá stað og stund og sett okkur í aðstæður þeirra sem sagan er um. Sögur geta haft afdrifarík áhrif á líf okkar, hvernig við högum því og hvernig okkur líður.

Á hverjum tíma virðast oft vera ákveðnar sögur sem ráða ríkjum. Það er sagt meira af þessum sögum en öðrum og virðast þær hafa tiltekin áhrif á samfélagið. Á 12. öld í Evrópu voru til dæmis sagðar riddara sögur, karlmennsku sögur þar sem menn fóru í langar ferðir að berjast við ribbalda og ræningja og iðulega komu þeir heim hlaðnir gulli og fengu

fallegustu konuna eða dóttur konungsins. Þessar sögur voru sannarlega glæsilegar og höfðu mikil áhrif á unga drengi sem þá vildu freista gæfunnar og láta drauminn um riddaramennskuna verða að veruleika. Oftar en ekki komu þeir skaddaðir til baka, fatlaðir eftir átökin, illa sofnir og illa nærðir, fátækari en þegar þeir fóru af stað og fengu svo sannarlega ekki konungsdótturinna. Og það var raunveruleikinn þótt að sögurnar segðu annað, enda margar hverjar færðar í stílinn. Aðal sagan sem gekk um Evrópu var um Artúr konung og sverðið Excalibur, glansmynd þess tíma.

Því kann maður að spyrja sig hvaða sögur er verið að segja í dag? Hverjar eru sögurnar sem hafa mest áhrif á líf okkar? Það leikur enginn vafi á að sögur hafa áhrif á okkur en sérstaklega eru það sögur sem eru stanslaust fyrir augum okkar. Eins og ég sé þetta sjálfur eru þetta sögur sem koma til okkar í gegnum fréttamiðla, auglýsingar og samfélagsmiðla. Því miður virðast fréttamiðlar oft ekki segja okkur neitt nema neikvæðar fréttir, þau segja okkur flestar að allt sé að fara fjandans til og fólk upplifir að engin von sé fram undan. Auglýsingar segja okkur flestar að við verðum að eiga allt dótið, þær spila inn á græðgi mannsandans og segja okkur að þetta sé leiðin að hamingjunni. Það er flottasta dótið sem gerir okkur hamingjusömum.

Samfélagsmiðlar eru þá kannski verstir því þeir segja okkur sögu um hið „fullkomna“ líf. Ferðalög, óaðfinnanlegt útlit, flott hús, flottur bíll, skrautið, óaðfinnanlegt heimili, hreint og fínt og þannig má lengi telja. Á sama tíma segja samfélagsmiðlar okkur fullt af sögum af óréttlæti og að við eigum að vera reið, við eigum aldrei að slá af reiðinni og svo virðist vera að „auga fyrir auga og tönn fyrir tönn“ sé í hávegum haft þar til allir eru orðnir tannlausir og blindir. Þetta er riddarasaga nútímans í hnotskurn. Saga af góðmennsku og náungakærleika virðist sjaldan sögð nema til þess að upphefja egóið. Það eru sögur þar sem maður sér til dæmis erlenda áhrifavalda biðja heimilislausan einstakling um pening og ef hinn heimilislaus lætur allt sitt af hendi þá réttir áhrifavaldurinn hinum heimilislausa töluvert hærri upphæð, hinn heimilislaus fer að grenja af þakklæti en þetta er allt tekið upp og sett á samfélagsmiðla. „En þegar þú gefur ölmusu viti vinstri hönd þín ekki hvað sú hægri gerir.“ (Matt 6.3)

Við eigum samt ekki að loka augunum



fyrir ljótleika heimsins við þurfum að vita af því en sögurnar sem við þurfum að segja eru sigursögur, sögur um von, um náungakærleikann, um dyggðir. Þessar sögur eru sannarlega til en þetta eru ekki sögurnar sem fara hæst. Meira að segja núna á aðventunni og yfir jólin eru sögur á borð við jólaguðspjallið ekki saga sem við segjum eða fær að heyrast hæst. Sögurnar sem glymja hæst eru neyslusögur í gegnum auglýsingar. Getur verið að þær sögur sem við heyrum og það sem meira er, þær sögur sem við heyrum ekki, hafi áhrif á innri líðan einstaklinga og þjóðar? Getur verið að þær hafi áhrif á að alvarlegra ofbeldi á sér stað?

Sagan af raunum Maríu og Jósefs er sannarlega sigursaga, það er vonarsaga og saga um náungakærleik. Saga um unga stelpu sem verður ólétt og þarf að ferðast langa vegalengd á asna þegar hún er við það að fara að eiga. Þar fæðist frelsari heimsins, meðal dýra, í skítugu fjárhúsi. Þau sem fá að heyra fagnaðarerindið fyrst er fólk af lægstu stéttum þjóðfélagsins.

Þetta er saga sem við getum leyft okkur að hrífast með og fara aftur í tímann og upplifa með þeim vonleysi, von, þjáningar og gleði og fögnuð. Þetta er saga sem leyfir okkur að taka allann tilfinningaskalann en standa uppi með von um betri tíð. Betri tíð er ekki veraldlegur auður heldur er betri tíð í hinni innri veröld sálarinnar. Það sem stýrir okkur í átt að trú, von og kærleika en það er það sem byggir betri heim.

Sr. Dagur Fannar Magnússon



Skálholtskirkja.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

verður lokað um jól og áramót. Opnum aftur fim. 12. janúar 2023.

Stjórn félags eldri-borgara á Selfossi óskar félagsmönnum sínum gleðilegra jóla, árs og friðar.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



KIRKJUR

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 17. desember. Bibliulexiur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12 aðventuhátíð í umsjón Elíasar Theodórs-sonar og Esterar Ólafsdóttur. Verið velkomin.

Selfosskirkja
Syngdu með okkur inn jólin! Opín söngstund með Kirkjukór Selfosskirkju fimmtudaginn 22. des. kl. 19:30. Allir velkomnir.
Messa í Selfosskirkju kl. 11. fjórða sunnudag í aðventu, 18. des. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Kirkjukór Selfoss leiðir safnaðarsönginn. Sunnudagaskólinn hefst á sama tíma í safnaðarheimilinu. Verið hjartanlega velkomin.

Hveragerðiskirkja
Jólastund fjölskyldunnar nk. sunnudag kl. 11. Barnakór Hveragerðiskirkju syngur. Dansað í kringum jólatré og jólasveinar koma í heimsókn.

LJÓSMYNDAR PRENTUN

Allar algengustu stærðirnar

10x15 - 13x18 - 15x20 - 20x30



Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

TIL SÖLU



Fallegu laufabrauðsjárnin og kleinuárnin eru komin aftur. Renniverkstæði Björns Jensen. Háheiði 6, s. 862 7530.

HEILSA

Nudd – Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



Laufey Guðmundsdóttir, formaður FKA Suðurlandi, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir og Íris Brá Svavarsdóttir, stjórnarkonur FKA Suðurlandi og jólasveinar í Hveragerði.

Sannkölluð jólastemmning um landið út og suður hjá FKA

Jólarölt Félags kvenna í atvinnulífínu telur í hundruðum kílómetra þar sem konur um land allt gera sér glaðan dag vítt og breytt um landið. Markmiðið með jólarölti FKA er að styðja við góða hluti í nærumhverfi deilda félagsins þar sem verslað er við félagskonur í heimabyggð. Öflugar deildir og nefndir starfa í FKA, rúmlega þrettánhundruð konur um landið allt sem hringja inn jólin í góðum félagskap.

Tækifæri til tengslamyndunar og að fóstta nærumhverfið.
Suðurlandskonur buðu heim og gerðu sér glaðan dag í Hveragerði með fordrykk hjá félagskonunni Írisi Brá Svavarsdóttir

í Monark bókhaldsþjónustu og Elínu Káradóttur í Byr fasteignasölu, því næst var haldið til Laufeyjar Sifjar Lárusdóttur á Ölverk Pizza & Brewery. Félagskonur taka vinkonu með á jólarölt FKA vítt og breytt um landið og skapast einstök tengsl þegar rölt er á milli fyrirtækja FKA kvenna og kíkt í nærliggjandi fyrirtæki. „Þetta kvöld er „Kósýkvöld í Hveragerði,“ segir Laufey Guðmundsdóttir formaður FKA Suðurland. Fjöldinn allur af fyrirtækjum í bænum var með lengri opnunartíma og hægt var að gera góð jólainnkaup, vörur voru á sértílbóð í tilefni kvöldsins og viðburðir á ýmsum stöðum.



Enginn raki og ekkert vesen

Íslendingar elska ost og kaupa ímikið af honum. Á ári hverju seljast um 7000 tonn af osti á Íslandi! Á flestum íslenskum heimilum finnst ostur. Sumir kaupa stykki og aðrir kaupa sneiðar. Við erum þó ekki sérlega góð í að geyma ost. Hver kannast ekki við að geyma ostinn í plastpoka inni í ísskáp en þannig geyma flestir íslendingar sinn ost. Osturinn verður með því móti rakur og ekki eins huggulegur þegar þú berð hann fram. Við snertum ostinn þegar við skerum hann og kánum fingur. Betri leiðir eru til eins og

ostabox og beeswax pappír. Nú er komin á markaðinn snilldar vara sem leysir geymsluvandamálið. Það er EasyCheese ostaboxið sem er hannað og framleitt í Noregi.
Boxið hefur þá kosti að vera huggulegt, þétt en hleypir út raka og tryggir þannig betri gæði og lengri endingu og með hreyfanlegum botni sem maður ýtir upp þegar osturinn minnkar, þannig kemst maður hjá því að snerta ostinn við að sneiða.
Á Suðurlandi fæst varan hjá Litlu Garðbúðinni á Selfossi en einnig er hægt að kaupa hana á Easycheese.is.

Fyrirmyndar unglingar á Suðurlandi

Föstudaginn 9. desember síðastliðinn stóð félagsmiðstöðin Zelsíuz fyrir balli í Hvíta húsinu á Selfossi. Yfir 500 unglingar í 8-10. bekk víðsvegar að á Suðurlandi komu saman til að skemmta sér í góðum félagsskap. Tíu sunnlenskar félagsmiðstöðvar komu á ballið ásamt úrvalsliði starfsfólks sem allt hafði það að leiðarljósi að skapa öruggt umhverfi fyrir unglingana.

Ballið fór vel af stað þegar DJ Unnar og Benni stigu á svið. Þessir ungu og efnilegu strákar eru fyrrverandi unglingar í Zelsíuz og því gaman fyrir félagsmiðstöðina að fá þá aftur inn í starfið með þessu móti. Þakið á Hvíta húsinu var svo við það að rifna af þegar félagarnir Auddi og Steindi stigu á svið seinna um kvöldið.

Það er einróma álit allra sem komu að ballinu að það hafi gengið vonum fram og að unglingarnir hafi verið til fyrirmyndar. Unglingarnir eiga stórt hrós skilið. Tæplega 50 starfsmenn voru viðstaddir og ein að þeim var Dagbjört Harðardóttir, forvarnarfulltrúi Árborgar og sagði hún aldrei hafa upplifað svo stóran viðburð sem hafi gengið jafn vel. „Það kom ekkert kom uppá og unglingarnir til fyrirmyndar“.

Félagsmiðstöðin Zelsíuz vill koma á framfæri þakklæti og hrósi til unglinganna okkar á Suðurlandi.

Fyrir hönd starfsfólks Zelsíuz, Guðbjartur Daníel Guðmundsson, Aðstoðarforstöðumaður Zelsíuz.



Áskorun á sveitarstjórnir Mýrdalshrepps og Ölfuss

Í haust stóð Landvernd fyrir eftirfarandi áskorun:

„Ég skora á sveitarstjórnir Mýrdalshrepps og Ölfuss að hafna námuvinnslu á Mýrdalsandi og í Þrengslum, með tilheyrandi mengandi efnisflutningum og náttúruspjöllum. Veruleg mengun og truflun hlytist af á Suðurlandi þar sem ætlunin er að opna stórar námur fyrir veðri og vindum. Innviðir á Suðurlandi eru ekki byggðir til að þola stöðuga umferð þungaflutningabíla, auk þess sem um-

ferðaröryggi yrði ógnað. Ekki hefur verið sýnt fram á ávinning samfélagsins af námuvinnslu-
inni.“

Undir áskorunina skrifuðu alls 2.762. Tryggvi Felixson formaður Landverndar afhenti undirskriftirnar fulltrúum sveitarfélaganna tveggja: Einari Frey Elínarsyni sveitarstjóra Mýrdalshrepps og Söndru Dís Hafþórsdóttur sviðsstjóra fjármála-, stjórnsýslu- og menningarsviðs sveitarfélagsins Ölfuss.



Jólaskjól

Nú fer að verða síðasti séns að skella í jólalegar húfur á yngstu meðlimi fjölskyldunnar og hér er uppskrift að einni auðveldri sem er bæði hlý og mjúk.

Stærðir 0-6 mánaða/40 sm (7-12 mánaða/43 sm)
13-24 mánaða/47 sm (3ja-4ra ára/50 sm)

Í húfunni eru þrjár gerðir af garni, ein dokka í lit. Rautt nælon styrkt garn, RUNNING frá Lammy, einn af mörgum framleiðendum af sokkagarni sem við erum með á boðstólum.

Rautt mohair garn, Anisia frá CEWEC, mjög vinsælt eitt og sér eða í bland með öðru garni og fæst í 35 litum.

Hvítt glitrandi garn, Lurex frá LAMMY, fæst í mörgum mjög fallegum litum.

Hringprjón nr 4, 40 sm og sokkprjónar eða Crazy Trio nr 4.

Prjú prjónamerki.

Rauði hluti húfunnar er prjónaður með einum þræði af Running og einum af Anisia.

Prjónafesta: 24 lykkjur = 10 sm.

Fitjið upp 96 (104) 112 (120) lykkjur og tengið í hring. Prjónið eina umferð stroff, 2 sl, 2 br.

Næstu 6 (6) 7 (8) umferðir eru prjónaðar með hvítu í brugna hlutanum nema í fyrstu umferðinni eru hvítu lykkjurnar prjónaðar sléttar.


Prjónið því næst 4 umferðir slétt prjón með rauðu og þá tekur munsturbekkurinn við. Í fyrstu rauðu umferðinni eftir munsturbekkinn er búin til ein ný lykkja í byrjun umferðarinnar í annarri stærðinni (105 lykkjur á prjóninum), fækkað um eina lykkju í byrjun umferðarinnar í þriðju og fjórðu stærðinni með því að prjóna tvær lykkjur saman (111 (117) lykkjur á prjóninum).

Prjónið síðan 12 (14) 16 (18) umferðir rauðar.

Í síðustu umferðinni eru sett prjónamerki (SP) utan um þrjár lykkjur á hringnum þannig: Prjónið 15 (17) 18 (19) l, SP, prjónið 31 (34) 36 (38) l, SP, prjónið 31 (34) 36 (38) l, SP, klárið umferðina 16 (17) 18 (19) lykkjur.

Úrtaka

Prjónið þar til ein lykkja er eftir að prjónamerkinu. Takið næstu tvær lykkjur fram af prjóninum



óprjónaðar, prjónið næstu lykkju og steypið þeim óprjónuðu yfir hana. Þá ætti merka lykkjan að liggja yfir hinum báðum. Endurtakið við hin tvö prjónamerkin og klárið umferðina. Nú hefur lykkjum fækkað um 6.

Endurtakið úrtöku í annarri hverri umferð x 3 (4) 5 (6) og síðan eftir það í hverri umferð þar til 5 lykkjur eru eftir. Skiptið yfir á sokkprjóna eða Crazy Trio þegar fer að þrengjast á hringprjóninum. Slítið garnið u.þ.b. 20 sm frá, þræðið endann í gegnum lykkjurnar og þrengið að. Þræðið hann aftur í gegnum lykkjurnar og þrengið aftur. Geymið endann til að festa dúskinn á húfuna.

Dúskur

Hægt er að gera dúska á ýmsa vegu og hér er ein aðferð sem felst í því að búa til vöndul sem er festur við húfuna öðrum megin og síðan klippið út úr honum hinum megin.

Klippið tvo metra af öllum garntegundunum og leggið þá saman. Vefjið utan um fjóra fingur þar til garnið er búið. Notið endann á húfutoppnum til að festa vöndulinn við húfuna með því að fara þrisvar utan um alla enda hans og í gegnum húfutoppinn. Endið á réttunni og gerið þá lykkju þrisvar utan um vöndulinn sem sameinar þræðina báðum megin við festuna og herðið að, þannig myndast lítill hólkur. Þræðið til baka í gegnum hólkin og inn á röngu húfunnar og gangið vel frá endanum. Klippið út úr lykkjunum á vöndlinum, styttrið og snyrtið endana.

Skolið húfuna í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyrangei 23, Selfossi // 555-1314



Hamarshöllin endurbyggð á nýju ári

Bæjarstjórn Hveragerðis samþykkti að setja 1. áfanga nýrrar Hamarshallar í alútbóð á fundi sem haldinn var þann 8. desember sl. Hefur Geir Sveinsson bæjarstjóri, ásamt meirihluta Okkar Hveragerðis og Framsóknar, starfsfólki bæjarins, hönnunarteymi frá Alark og Mannviti unnið hörðum höndum við að útfæra framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja Hveragerðisbæjar. Hefur vinnan tekið mið af þarfagreiningu hönnunarhópsins sem skilaði tilögum sínum í haust og telja þau mikilvægt að stíga næstu skref í uppbyggingu Hamarshallarinnar með það fyrir augum að skapa samkeppnishæfan húsakost fyrir allar íþróttir til framtíðar á sem hagkvæmastan máta.

Fyrsti áfangi í uppbyggingu nýrrar Hamarshallar er ný yfirbygging reist á steypum grunni eldri Hamarshallar, dúkveggur settur upp til að afmarka fótballahús frá önnréttaðri fjölnota íþróttastöðu og þjón-



usturýmum innan nýju yfirbyggingarinnar og nýtt anddyri reist og fullbúið við norðurhlíð Hamarshallarinnar. Stefnt er að því að alútbóð verði auglýst á næstu dögum, tilboð opnuð í lok janúar og samningur undirritaður mánuði síðar. Markmiðið er að fótballasalur verði afhentur í september 2023 til notkunar og áfangi eitt verði fullbúinn í byrjun desember 2023. Með samþykki bæjarstjórnar á útbóði fyrsta áfanga Hamarshallarinnar í þessari útfærslu er stigið skref í átt að uppbyggingu framtíðarhúsnaðs fyrir íþróttahreyfinguna í Hveragerði með

samkeppnishæfari æfinga- og keppnisaðstöðu

Í öðrum áfanga, sem lagt er til að útbóðsleiðir hafi verið ákveðnar fyrir verklok 1. áfanga, er stefnt að því að innrétta og ganga frá fjölnota íþróttastöðu og þjónusturýmum Hamarshallarinnar, m.a. með því að leggja gólfefni, setja upp vegg og loft þjónusturýma á tveim hæðum auk stiga og lyftu. Síðari áfangar í uppbyggingu Hamarshallarinnar verða byggðir upp eftir því hvernig íbúafjöldun og byggð þróast í bæjarfélaginu á næstu árum.

Álag á Rangárveitum



Veðurspár benda til mikillar kuldatíðar í vikunni ásamt vindi sem mun hafa áhrif á afhendingu á heitu vatni sérstaklega á svæði Rangárveitna. Rangárveitur sjá Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra og Ásahreppi fyrir heitu vatni og munum við þurfa að skerða heitt vatn til ákveðinna stórnotenda þar. Það þýðir að sundlaugarnar á Laugalandi, Hellu og Hvolsvelli verða lokaðar frá og með miðvikudeginum 14. desember á meðan á kuldakastinu varir. Vonandi mun þetta ganga yfir á nokkrum dögum.

Sem fyrr hvetjum við fólki almennt, en þó sérstaklega á svæði Rangárveitna, til að fara vel með heita vatnið, ekki kynda hífýli sín óþarflega mikið og hafa glugga lokaða.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Er eitthvað að fréttu?
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

TAXI SELFOSSI
482-3800

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf Endurmenntun Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HREINSITÆKNI
Stíflupjónusta - Rotþróaðhreinun
Holræsahreinun - Götusópun
Stéttasópun - Lagnafóðrun
Niðurfallahreinun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
Sími 892 2136
selfoss@hrt.is - www.hrt.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyirn.is

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is